



**SKOÐUN** Signý Jóhannesdóttir skrifar um aðgengi að heilbrigðisþjónustu. **15**



**MENNING** Flutningur Megasar á Passíusálmunum jafnaði við lögbrot, segir gagnrýnandi. **24**



**LÍFÍÐ** Hljómsveitin FM Belfast gefur út breiðskífuna Brighter Days í dag. **30**



**SPORT** Fréttablaðið byrjar í dag að spá um röð liða í Pepsi-deild karla 2014. **26**

**LG BOGIÐ OLED SJÓNVARP**  
Heimsins fyrsta bogna OLED sjónvarpið



**Sjónvarpsmiðstöðin** Síðumúla 2  
www.sm.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Priðjudagur**

22. apríl 2014  
93. tölublað 14. árgangur  
Sími: 512 5000

**MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\***

## FRÉTTIR



### Kveikt í sólpalli í tvígang

Tvær helgar í röð hefur eldur verið borinn að sólpalli við sama íbúðarhúsið í Vestmannaeyjum. **2**

### Ætlað að vekja ríkisstjórnina

Harkalega orðaðri umsögn Samtaka atvinnulífsins og LÍU um drög að frumvarpi um fiskeldi er beint að ríkisstjórninni. **8**

### Helmingur hlyntur veiðum

Tæplega helmingur landsmanna er hlyntur veiðum á langreyði, samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. **10**

**Á eftir áætlun** Verktakar í Norðfjarðargöngum glíma við veik jarðlög sem hægja á gangagerðinni. **12**

# Fimmtungur er líklegur til að kjósa flokk Evrópusinna

Verði stofnun nýs flokks Evrópusinnaðra hægrimanna að veruleika gæti það tekið meira fylgi af Bjartri framtíð og Samfylkingu en Sjálfstæðisflokki, samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

**KÖNNUN** Alls 20,7 prósent kjósenda telja mjög eða frekar líklegt að þau myndu kjósa nýtt framboð Evrópusinnaðra hægrimanna, samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Flokkurinn virðist sækja meira fylgi til kjósenda Samfylkingarinnar og Bjartrar framtíðar en Sjálfstæðisflokksins.

Alls sögðu 6,7 prósent þeirra sem afstöðu tóku í könnuninni, sem gerð var 14. og 15. apríl, að það væri mjög líklegt að þau myndu kjósa nýtt framboð Evrópusinnaðra hægrimanna, kæmi það fram. Um 14 pró-

sent til viðbótar sögðu frekar líklegt að þau myndu kjósa framboðið.

Meirihluti landsmanna, 52,8 prósent, taldi mjög ólíklegt að hann myndi kjósa nýja framboðið, og 11,4 prósent töldu það frekar ólíklegt. Um 15,2 prósent sögðu það hvorki líklegt né ólíklegt.

Þegar skoðað er hvað þeir, sem segja mjög eða frekar líklegt að þeir myndu styðja nýja framboðið, kusu síðast sést að stuðningur við hægrisinnuðu Evrópusinnana er meiri meðal þeirra sem kusu Samfylkinguna og Bjarta framtíð en meðal

þeirra sem kusu Sjálfstæðisflokkinn, þrátt fyrir að þeir sem bendlaðir hafa verið við nýja framboðið séu, eða hafi verið, sjálfstæðismenn.

Þannig segja 34 prósent þeirra sem kusu Samfylkinguna síðast það mjög eða frekar líklegt að þau myndu kjósa nýja framboðið, og 28,6 prósent þeirra sem kusu Bjarta framtíð. Um 15,7 prósent þeirra sem kusu Sjálfstæðisflokkinn í síðustu kosningum segja mjög eða frekar líklegt að þau myndu styðja Evrópusinnana, og 13 prósent kjósenda Framsóknarflokksins segja það

**34%** þeirra sem kusu Samfylkinguna í síðustu kosningum telja líklegt að þau kjósi framboð Evrópusinnaðra hægrimanna.

sama. Þá segja 11,1 prósent þeirra sem kusu Vinstri græna og 11 prósent þeirra sem kusu Pírata það mjög eða frekar líklegt að þau muni kjósa nýtt framboð, komi það fram.

- bj / sjá síðu 4



**SHALDOR**  
14

Bolungarvík	6°	SA	2
Akureyri	9°	SA	3
Egilsstaðir	6°	SA	6
Kirkjubæjarkl.	7°	A	8
Reykjavík	11°	SA	9

**Bjart með köflum** Í dag verður yfirleitt SA 3-8 m/s en austan hvassviðri eða stormur allra syðst. Úrkomulítið og bjart með köflum eða léttskýjað. **4**

## 2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



**BLÁEYÐUR SKARFUR** Þessi dílaskarfur var við leik við höfnina á Akranesi á dögum. Dílaskarfur er stór, svartur fugl af ætt skarfa og dvelur víða við strendur Íslands. Hann verpir aðallega við Faxaflóa og Breiðafjörð en hefur að mestu horfið af Norðurlandi. Þessi skarfur var hinn rólegasti þegar hann nágaðist Finn Andrésen ljósmyndara og leyfði myndatökum af sér eins og hann væri öllu vanur.

MYND/FINNUR ANDRÉSSON

## Tók myndir í ótrúlegu návigi: Dílaskarfurinn er styggur fugl

**NÁTTÚRA** Áhugaljósmyndarinn Finnur Andrésen komst á dögum í ótrúlegu návigi við dílaskarf við bryggjuna á Akranesi. „Þetta eru yfirleitt frekar styggir fuglar,“ segir Finnur. „Ég var svo heppinn að hann synti í áttina til mín og þrilaði upp á grjótgard nálægt mér. Hann var svo nálægt að ég var nánast farinn að klappa honum. Hann horfði bara á mig þegar ég var að taka myndir af honum og var ekkert að stressa sig neitt. Fuglinn var að leika sér við höfnina, stinga sér og veiða fisk og svona.“



**FINNUR ANDRÉSSON**  
MYND/ABSEND

Finnur segist hafa gripið tækifærið um leið og það gafst. „Maður nær örugglega engu svona aftur.“

- 55b

Ráðlegt að læra af reynslunni á Grundartanga við uppbyggingu iðnaðar:

## Stefnumótun ráðleg í Helguvík

**UMHVERFISMÁL** Við uppbyggingu atvinnustarfsemi í Helguvík í framtíðinni ætti að líta til stefnumörkunar í umhverfismálum á Grundartanga. Þar er hugmyndafræðin sú að uppbygging á starfsemi á iðnaðarsvæðinu sé takmörkuð með tilliti til þeirrar starfsemi sem fyrir er.

Þetta segir Sigurður Ásbjörnsson, sérfræðingur á umhverfissviði Skipulagsstofnunar, spurður um uppbyggingaráform iðnaðar í Helguvík í samhengi við nálægð við íbúabyggð á Reykjanesi.

Umhverfisstofnun hefur unnið tillögu að starfsleyfi fyrir rekstur kísilverksmiðju United Silicon á iðnaðarsvæðinu í Helguvík. Tillagan nær til framleiðslu á allt að 100.000 tonn-

um á ári af hrákíslu, allt að 38.000 tonnum af kísilryki og 6.000 tonnum af kísilgjalli. Átta verkefni eru á borðinu varðandi uppbyggingu í Helguvík, og þar er þekktast álver Norðurlás.

Í áliti Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum við kísilverksmiðju United Silicon [Stakksbraut 9 ehf.] frá því í fyrra segir að hafa beri í huga að tiltölulega skammt er í nyrsta hluta þéttbýlisins í Reykjanesbæ og því brýnt að fylgjast vel með styrk helstu mengunarefna á svæðinu.

„Þar sem fyrirhugað er að reisa álver og kísilver á sama svæði er ljóst að mengunarálag á svæðinu mun aukast verulega,“ segir í áliti.

- shá / sjá síðu 6

## Iðnreksturinn mun spilla loftgæðum

Umhverfisstofnun hefur unnið tillögu að starfsleyfi fyrir rekstur kísilverksmiðju United Silicon á iðnaðarsvæðinu í Helguvík. Tillagan nær til framleiðslu á allt að 100.000 tonnum á ári af hrákíslu, allt að 38.000 tonnum af kísilryki og 6.000 tonnum af kísilgjalli.

Í fréttum af áformum United Silicon hefur komið fram að verið mun losa um 1.500 tonn af brennisteinsdíoxíði og 130 tonn af ryki, en í því geta verið ýmsir þungmálar.

**Opið allan sólarhringinn**  
í Engihjalla og Vesturbergi



**Iceland**

LEIÐIN TIL HOLLUSTU



Skyr.is drykkirnir standast þær ströngu kröfur sem gerðar eru til matvæla sem merktar eru Skrárgatinu. Þú getur treyst á hollustu Skyr.is.



www.skyr.is



## SPURNING DAGSINS



Rúnar, verður þetta ekki mega sýning?

„Jú, heldur betur! En þá verður að vera þarna gott CD-dríf og góður harður diskur, því án þeirra er ég hvorki fugl né fiskur.“

Rúnar Freyr Gíslason mun leikstýra Latabæ í Þjóðleikhúsinu í haust en hann fór með hlutverk Gogga Mega á sínum tíma.

## Fyrirverandi ráðherra með umboð til að velta fyrir sér fólki og stefnumálum: Kjördæmisráð vill Guðna fram

**SVEITARSTJÓRN** Kjördæmasamband Framsóknarflokksins í Reykjavík hefur beðið Guðna Ágústsson, fyrirverandi ráðherra, að taka að sér að leiða lista Framsóknar fyrir komandi borgarstjórnarkosningar.

„Formaður og varaformaður kjördæmissambandsins hafa leitað til mín og gefið mér fullt umboð til að velta fyrir mér bæði fólki og stefnumálum.“

Nú hef ég verið að fara yfir stefnumál framsóknarmanna í

Reykjavík og ræða við margt ágætt fólk. Ég hef gefið það út við þá að kannski verði ég flugstjórinn eða ekki.“

Guðni ætlar að tilkynna um ákvörðun sína á fimmtudaginn, sumardaginn fyrsta.

„Ég held að það búist allir við því að listinn verði stokkaður upp. Mér sýnist vera mikil eftirspurn eftir sterku framboði og mikill áhugi



GUÐNI ÁGÚSTSSON

segir Guðni.

fyrir framboði sem taki flugvöllinn í fangið. Menn eru óánægðir með margt sem hefur verið gert. Mönnum finnst til dæmis þrengt að einkabílnum og svo framvegis.

Ég hef verið hér í Reykjavík í 25 ár meira og minna og bjó nánast í Melabúðinni miðri þannig að ég er heimavanur,”

## Pylsur í röngum umbúðum: Innkallar 44 tonn af pylsum

**VIÐSKIPTI** Bandaríska matvælafyrirtækið Kraft Foods þarf að innkalla um 44 tonn af pylsum vegna þess að þær fóru í röngum umbúðum, samkvæmt frétt BBC.

Á laugardag kom í ljós að vörur sem voru í umbúðum ætluðum hefðbundnum vinarpylsur reyndust í einhverjum tilvikum vera ostapylsur. Matvælaeftirlit Bandaríkjanna gaf því út aðvörðun þess efnis að umræddar pylsur gætu innihaldið mjólkurvörur og því valdið ofnæmisviðbrögðum.

- ssb

- hg



FAGNA SIGRI „Þetta er bara byrjunin“ stundur á skiltinu fyrir miðju.

FRÉTTABLAÐIÐ/API IMAGES

Réttindi transfólks verði jöfn réttindum annarra:

## Sögulegur úrskurður á Indlandi

**INDLAND, AP** Transfólk kom saman í Nýju Delí á laugardag til að fagna sögulegum úrskurði sem segir að Indverjar megi skilgreina sig sem hvorki karlkyns né kvenkyns á opinberum skjölum.

Hæstiréttur í landinu úrskurðaði einnig að ríkisstjórn bæri að gera ráð fyrir transfólki í öllum velferðaráætlunum til að hjálpa því að yfir- stíga félagslegar og efnahagslegar hindranir.

- bá

## Kona flutt á Landspítalann: Fjórhjólslaslys á Snæfellsnesi

**BJÖRGUN** Kona slasaðist í fjórhjólslaslysi nærri Miðhúsum á Snæfellsnesi í gær. Þýrla Landhelgisgæslunnar hafði verið varðveitt út að beiðni læknis á Ólafsvík en þangað hafði konan leitað vegna slyssins.

Líðan konunnar var þokkaleg eftir atvikum en það staðfesti læknir á Landspítalanum við fréttastofu.

Konan mun gangast undir áframhaldandi rannsóknir vegna slyssins.

Slysið átti sér stað um hádegisbil en þýrla Landhelgisgæslunnar hafði verið við æfingar þegar útkallið barst. Þurfti að snúa henni til Reykjavíkur til eldsneytistöku áður en konan var sótt.

- ssb

## Tveir handteknir á Austurvelli: Mótmæltu með kannabisreyk

**LÖGREGLUMÁL** Tveir menn voru handteknir og sektaðir fyrir vörslu kannabisefna á Austurvelli um helgina. Mennirnir eru hluti hóps sem kallar sig Reykjavík Homegrown og voru að mótmæla því að varsla kannabisefna sé refsiverð hér- lendis.

Hópurinn hittist til að reykja maríjúana á alþjóðlegum degi kannabisreykinga, svokölluðum 420 degi.

Á annan tug ungra karlmannna voru þarna saman komnir. Í kynningu fyrir mótmælin var fólk hvatt til að koma snyrtilega klætt með eigin verkfæri til neyslunnar. Krafa hópsins er að settar verði sams konar reglur fyrir kannabisefni og tóbak.

- ssb

# Kveikt í sólpalli við íbúðarhús í tvígang

Tvær helgar í röð hefur eldur verið borinn að sólpalli við sama íbúðarhús í Vestmannaeyjum. Lögregla hefur engan grunaðan um íkveikjurnar, en rannsókn er á byrjunarstigi. Börn húsráðanda voru ein heima þegar kveikt var í um helgina.

**LÖGREGLUMÁL** „Þetta er mjög óhugnanlegt og við fjölskyldan vitum ekkert hvað er þarna á ferðinni. Þetta er svo ótrúlegt að maður er eiginlega orðlaus,” segir Davíð Guðmundsson rafmagnsverkfræðingur. Tvær helgar í röð hefur eldur verið lagður að sólpalli við íbúðarhús hans við Hásteinsveg. Lögreglan í Vestmannaeyjum hefur engan grunaðan um íkveikjurnar.

Rannsókn málsins hefst í dag, samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni í Vestmannaeyjum, en atvikið er lítið mjög alvarlegum augum enda er þetta önnur helgin í röð sem kveikt er í við húsið. Ennþá liggja engar upplýsingar fyrir um hver eða hverjir geta verið á ferðinni en lögregla bindur vonir við að um óvitaskap sé að ræða og málið risti ekki dýpra en það.

Boð frá Neyðarlínunni barst rétt fyrir miðnætti á páskadag, en slökkviliði var snúið frá stuttu síðar. Ástæðan var sú að fjórir ungir menn sem áttu leið um Hásteinsveg urðu varir við eldinn og notuðu meðal annars hjólbörur við að slökkva hann.

Davíð segir að íkveikjurnar hafi ekki átt sér neinn aðdraganda; engar hótanir eða annað hafi borist íbúum hússins. „Maður þekkir enga óvildarmenn hérna, enda er þetta lítið bæjarfélag. En þetta er sláandi og lítið þarf að gerast þegar eldur er lagður að tréfalli til að þetta verði mjög alvarlegt,” segir Davíð en börnin hans tvö voru ein



VEL SLOPPIÐ Vegfarendur náðu að slökkva eldinn stuttu eftir að hann var kveiktur og eru skemmdir því ekki miklar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

setji þessi atvik í samhengi við fjölda brunna í Vestmannaeyjum á undanföllum árum, en uppi er grunur um að brennuvargur gangi þar laus, er svarið að þessi tilteknu atvik hafi ekki verið sett í neitt slíkt samhengi.

Sjálfur dregur Davíð það einnig í efa að brunar undanfarinna ára og íkveikjurnar við heimili hans séu á einhvern hátt tengdar, enda hafi nefndir brunar allir verið í atvinnuhúsnæði í Vestmannaeyjum.

svavar@frettabladid.is

heima á efri hæð hússins þegar eldur var lagður að pallinum um helgina, auk íbúa í kjallara. „Þau eru mjög slegin yfir þessu, eins og skiljanlegt er,” segir hann. Þegar spurt er hvort lögregla

## Varaforseti Bandaríkjanna ætlar að funda með ráðamönnum í Úkraínu: Joe Biden fundar í Kænugarði

**ÚKRAÍNA** Tveggja daga heimsókn Joe Biden, varaforseta Bandaríkjanna, til Úkraínu hófst í gær þegar hann lenti á Boryspil-flugvællinum í höfuðborginni Kænugarði.

Biden mun meðal annars funda með starfandi forseta Úkraínu, Olexander Túrtsjínov, og forsætisráðherra landsins, Arsení Jatsenjúk. Heimsókn hans er sögð skýr stuðningsyfirlýsing Bandaríkjanna við baráttu Úkraínanna gegn Rússum.

Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, sakaði í gær ráðamenn í Kænugarði um brot á samkomulagi sem náðist í Genf í síðustu viku sem á að draga úr átökum á milli aðskilnaðarsinna og úkraínskra stjórnvalda í nokkrum borgum í austurhluta landsins.

→ Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, sakar úkraínska ráðamenn um brot á samkomulagi sem á að draga úr átökum í landinu.

Lavrov sagði ráðamenn í Kænugarði ekkert hafa gert til að stöðva það sem hann kallar ólögleg mótmæli í úkraínsku höfuðborginni og „ólöglega hópa“, þar á meðal hóp öfgaþjóðernissinna. Rússneski utanríkisráðherrann hafði áður fordæmt árás á varðstöð aðskilnaðarsinna nærri úkraínsku borginni Slovjansk á laugardag þegar þrjú menn úr hópi aðskilnaðarsinna féllu. Talið er að úkraínskir þjóðernissinnar hafi verið þar að verki.

- hg



Í KÆNUGARÐI Joe Biden við komuna til Úkraínu í gær.

NORDICPHOTOS/AFP

Kringlunni  
Sími 568 7777  
heyarnarstodin.is

**HEYRNARSTÖÐIN**

# AURIS

## SKAPAÐUR FYRIR ÞIG



**TOYOTA**

ALWAYS A  
BETTER WAY



Auris er eins og skapaður utan um þig. Stílhreinn, fallegur og hugvitssamlega hannaður með þægindi, öryggi og sparneytni í fyrirrúmi. Aksturinn er hreinasta nautn og Touch-kerfið með bakkmyndavél, snertiskjá, aksturstölvu og tengingu við farsíma, opnar fyrir þér umheiminn með aðgangi að tónlistinni þinni og möguleikanum á kortaleiðsögn um íslenska vegi með Touch & Go. Sjö loftpúðar auka síðan enn frekar á öryggi þitt og farþega þinna.

Komdu við hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota og skoðaðu Auris sem er eins og skapaður fyrir þig.

**Verð frá 3.370.000 kr.**

Fáðu nánari upplýsingar á [www.toyota.is](http://www.toyota.is).



**Gæðalán Toyota í samstarfi við Ergo**  
Fáðu 40% af verði nýrrar Toyotu að láni án vaxta í allt að þrjú ár.

**Toyota Kaupúni**  
Kaupúni 6  
Garðabæ  
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbæ  
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**  
Fossnesi 14  
Selfossi  
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni er Auris Hybrid og kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. 40% vaxtalaust lán miðast við verðlistaverð án afsláttar. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.



SIMPLY CLEVER

ŠKODA



# BÍLL ÁRSINS Á ÍSLANDI 2014



## Nýr ŠKODA Octavia

Bandalag íslenskra bílblaðamanna (BÍBB) valdi **ŠKODA Octavia** bíl ársins á Íslandi 2014. Auk þess að vera sigurvegari í flokki stærri fólksbíla fékk **ŠKODA Octavia** hæstu einkunn af þeim níu bílum sem öttu kappi í lokaúrslitunum. Þessi úrslit ættu ekki að koma Octavia-eigendum á óvart, enda hefur það sýnt sig að **ŠKODA Octavia** er með allra hagkvæmstu, öruggustu, þægilegustu og sparneytnustu bílunum í sínum flokki. Það kemur því ekki á óvart að **ŠKODA Octavia** var **mest seldi bíll á Íslandi árið 2013**.

**ŠKODA Octavia kostar frá  
3.790.000,-**



Eyðsla frá 3,8 l/100 km



CO<sub>2</sub> frá 99g/km



5 stjörnur í árekstrar-  
prófunum EuroNcap



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

Umboðsmenn: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

**VEISTU SVARIÐ?**



1. Hvað heitir bandaríska verslana-keðjan sem vill ekki auglýsa íslenskt lambakjöt vegna hvalveiða?
2. Hver mun leikstýra Latabæ í Þjóðleikhúsinu næsta haust?
3. Hvað heitir Íslendingurinn sem starfar við flug í Mið-Afríkúlýðveldinu á vegum Sameinuðu Þjóðanna?

**SVÖR**  
3. Hörður Karlsson  
2. Rúnar Freyr Gíslason  
1. Whole Foods

# Hundruð hafa verið tekin af lífi í bænum Bentiu að sögn starfsmanna Sameinuðu þjóðanna: Þjóðernishreinsanir í Suður-Súdan

**SUÐUR-SÚDAN** Mörg hundruð manns liggja í valnum eftir að uppreisnarmenn lögðu undir sig olúbæinn Bentiu í Suður-Súdan í síðustu viku. Starfsmenn Sameinuðu þjóðanna í landinu segja að óbreyttir borgarar hafi kerfisbundið verið teknir af lífi vegna uppruna síns.

Uppreisnarmenn, sem lúta stjórn fyrrverandi varaforsætans Rieks Machar, eru sagðir hafa drepið þá sem ekki tilheyrðu Nuer-ættbálknum. Sá hópur er talinn hliðhollur uppreisninni á meðan stærsti ættbálkur landsins, Dinka, styður frekar forsetann Salva Kiir. Í tilkynningu frá SP segir að fólk hafi

verið tekið af lífi á spítala, í kirkju og í mosku þar sem um 200 manns höfðu leitað skjóls. Einnig eru uppreisnarmenn sagðir hafa útvarpað hatursáróðri og hvatt karlmenn til þess að nauðga konum af ákveðnum uppruna.

Toby Lanzer, yfirmaður mannréttindamála SP í Suður-Súdan, sagði í viðtali við BBC að skelfileg voðaverk hefðu átt sér stað í Bentiu og að lík þeirra sem teknir voru af lífi lægju enn á götum bæjarins.

Rúm milljón manna hefur þegar þurft að yfirgefa heimili sín vegna átakanna sem hófust í desember í fyrra.



**UPPREISNARMENN** Átökin í Suður-Súdan hafa staðið yfir síðan í desember síðastliðnum. NORDICPHOTOS/AFP

## Vilja að lagður verði jarðstrengur frá Blöndu til Akureyrar: Landeigendur gegn loftlínu

**ORKUMÁL** Landeigendur við fyrirhugaða línuleið Blöndulínu 3 frá Blöndu til Akureyrar leggja eindregið gegn því að lögð verði loftlína og fagna því að jarðstrengir séu nú metnir sem valkostur við línulagnir, t.d. um Sprengisand.

Fundur landeigenda, sem haldinn var á Mælifellsá í Skagafirði á föstudag, samþykkti ályktun þessa efnis. Þar segir að um árabíl hafi íbúar á leið Blöndulínu 3 barist gegn þrýstingi Landsnets um lagningu háspennulínu og krafist þess að metin verði á hlutlausan hátt lagning jarðstrengja á þeirri leið sem og á Íslandi öllu.

- shá

# Grundartangi verði fyrirmynd í Helguvík

Við uppbyggingu í Helguvík ætti að líta til stefnumörkunar Hvalfjarðarsveitar og Faxaflóahafna í umhverfismálum á Grundartanga, er álit sérfræðings. Nálægð iðnaðarsvæðisins við íbúabyggð í Reykjanesbæ vekur spurningar um mengun.

**UMHVERFISMÁL** „Það væri ákjósanlegast að í Helguvík væri horft til þess sem gert hefur verið á Grundartanga. Þar hefur sveitarfélagið farið í sjálfstæða skoðun á því sem iðnaðarsvæðið þolir og lýst því yfir hvaða starfsemi eru takmörk sett, t.d. vegna losunar á brennisteini sem komin er að mörkum þynningarsvæðisins,“ segir Sigurður Ásbjörnsson, sérfræðingur á umhverfissviði Skipulagsstofnunar, spurður um uppbyggingaráform iðnaðar í Helguvík í samhengi við nálægð við íbúabyggð á Reykjanesi. „Umhverfisnefnd sveitarfélagsins hefur verið mjög afdráttarlaus í sínum umsögnum er varða verkefni á svæðinu, og svipaða sýn vildi ég sjá í Reykjanesbæ,“ segir Sigurður.

Umhverfisstofnun hefur unnið tillögu að starfsleyfi fyrir rektur kísilverksmiðju United Silicon á iðnaðarsvæðinu í Helguvík. Tíllagan nær til framleiðslu á allt að 100.000 tonnum á ári af hrákisli, allt að 38.000 tonnum af kísilryki og 6.000 tonnum af kísilgjalli. Í fréttum af áformum United Silicon hefur komið fram að verið mun losa um 1.500 tonn af brennisteindíoxíði og 130 tonn af ryki, en í því geta verið ýmsir þungmálar.

Fréttablaðið greindi frá því nýlega að átta verkefni væru á borðinu varðandi uppbyggingu í Helguvík, en þekktust þeirra eru álver Nordúrals og annað til viðbótar við ver United Silicon; kísilverksmiðja fyrirtækisins Thorsil. Á sama tíma er aðeins rúmur kílómetri í beinni loftlínu frá iðnaðarsvæðinu að íbúabyggð í Reykjanesbæ.

Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum við kísilverksmiðju United Silicon [Stakksbraut 9 ehf.] lá fyrir 10. maí 2013. Þar segir að hafa beri í huga að tiltölulega skammt er í nyrsta hluta þéttbýlisins í Reykjanesbæ og því brýnt að fylgjast vel með styrk helstu mengunarefna á svæðinu sem og mögulegum afleiddum áhrifum þeirra.



**GRUNDARTANGI** Faxaflóahafnir og sveitarfélagið hafa skilgreint sérstaklega hvaða rektur á heima á iðnaðarsvæðinu með tilliti til mengunar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Mengunarálag eykst verulega

Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum við kísilverksmiðju United Silicon [Stakksbraut 9 ehf.] lá fyrir 10. maí 2013. Þar kemur fram að útreikningar á dreifingu helstu mengunarefna í matsskýrslu sýndu að mengun reiknast alls staðar neðan viðmiðunarmarka reglugerða. Skipulagsstofnun telur þó mjög brýnt að vakta svæðið umhverfis Helguvík frá gangsetningu fyrsta áfanga verksmiðjunnar í ljósi uppbyggingaráforma; álvers og kísilveris. „Þar sem fyrirhugað er að reisa álver og kísilver á sama svæði er ljóst að mengunarálag á svæðinu mun aukast verulega. Skipulagsstofnun hvetur til þess að sameiginlegri vöktun á áhrifum beggja fyrirtækjanna verði komið á ekki síst í ljósi óvissu um samlegðaráhrif þeirra,“ segir í álitinu.

Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að áætlanir um vöktun verði í starfsleyfi frá upphafi. „Skipulagsstofnun telur í ljósi óvissu í dreifingarspá fyrir heildarlosun mengunarefna allra fyrirtækja á Helguvíkursvæðinu að vafasamt sé að draga of miklar ályktanir af matsskýrslu varðandi samlegð kísilverksmiðjunnar og annarra verksmiðja á svæðinu,“ segir í álitinu.

Það sem Sigurður Ásbjörnsson vísar til í þessu samhengi er stefnumörkun Hvalfjarðarsveitar og Faxaflóahafna um atvinnustarfsemi á Grundartanga, en hugmyndafræðin er að starfsemi á iðnaðarsvæðinu sé í sátt við umhverfið með takmörkunum á uppbyggingu í ljósi þeirrar starfsemi sem fyrir er.

svavar@frettabladid.is

**Ægis tjaldvagn**

Par sem ferðalagið byrjar

Korputorg  
112 Reykjavík  
Sími 551 5600  
utilegumadurinn.is

**Útilegu maðurinn**  
SEGLAGERÐIN ÆGIR

Opið mán-fös kl. 10-18 - lau-sun kl. 12-16

## Plötusala Múrbúðarinnar er á Kletthálsi

- ✓ Furukrossviður
- ✓ Birkikrossviður
- ✓ Mótakrossviður
- ✓ Gólfplötur - rakavarðar spónaplötur með nót
- ✓ Veggplötur með nót
- ✓ Skrufur og festingavörur
- ✓ Sökkuldúkur

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM

**SPANOGROUP**  
International Plywood BV

**MÚRBÚÐIN**  
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is  
Kletthálsi 7 Reykjavík - Fuglavík 18 Reykjanesbæ

Í könnun á verðmerkingum kom í ljós að Rúm Gott stóð sig ekki nógu vel:

# Verzlunin fékk 50.000 króna sekt

**NEYTENDUR** Neytendastofa hefur lagt 50 þúsund króna sekt á verslunina Rúm Gott í kjölfar könnunar á ástandi verðmerkinga í húsgagnaverslunum í byrjun febrúar.

Gerðar voru athugasemdir við verðmerkingar hjá Rúm Gott, að því er fram kemur á vef Neytendastofu, sem í kjölfarið beindi þeim fyrirmælum til verslunarinnar að lagfæra verðmerkingar sínar.

Kannaðar voru bæði verðmerkingar á húsgögnum og smávöru og kvittaði starfsmaður verslunar-

innar fyrir komu Neytendastofu. Í síðari skoðun Neytendastofu, í lok febrúar, kom í ljós að verslunin hafði ekki farið að fyrirmælum Neytendastofu um að bæta verðmerkingar á smávöru.

Fyrirtækinu var enn gert viðvart með bréfi 5. mars. Barst Neytendastofu svo tölvupóstur frá versluninni daginn eftir um að verðmerkingar hefðu verið lagfærðar. Úrbótum var hins vegar ekki sinnt innan tilskilins frests og verslunin því sektuð.



**GOTT RÚM?** Neytendastofa kannaði nýverið verðmerkingar í húsgagnaverslunum. NORDICPHOTOS/GETTY

# SUMARSKÓR Í ÚRVALI

GAKKTU ÚT  
Í SUMARIÐ  
Í NÝJUM SKÓM

**Bolur**  
st. 92/98-128  
**1.699**

**Jakkapeysa**  
st. 80-120  
**3.999**

**Brenni-  
bolti**  
**699**

**Bolti**  
**2.199**

**Jogginggalli**  
st. 90-130  
**5.999**

**Buxur**  
st. 98-140  
**3.999**

**Skór**  
st. 35-41  
**4.990**

**Skór**  
st. 28-35  
**4.990**



**Skór**  
st. 24-33  
**5.990**



**Skór**  
st. 24-33  
**5.990**



**Skór**  
st. 24-33  
**6.990**



**Skór**  
st. 28-35  
**5.990**



**Skór**  
st. 24-33  
**5.990**



**Skór**  
st. 30-38  
**5.990**



**Skór**  
st. 24-37  
**5.990**



**Skór**  
st. 30-38  
**5.990**



**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð

Gefðu gjöf sem skiptir máli

# HREINT VATN BJARGAR MANNSLÍFUM



Hjálparstarf  
kirkjunnar

## ÞINN STUÐNINGUR GERIR KRAFTAVERK

Aðgangur að hreinu vatni er ekki sjálfgefinn. Hjálparstarf kirkjunnar gerir fólki kleift að byggja brunna í Afríku – og þitt framlag skiptir sköpum.

Þú getur hjálpað núna með því að greiða valgreiðslu í heimabanka.

### EINNIG:

- Frjálst framlag á framlag.is
- Gjafabréf á gjofsemgefur.is
- Styrktarsími: 907 2003 (2.500 kr.)
- Söfnunarreikningur: 0334-26-886, kt. 450670-0499



actalliance

# Orðalaginu ætlað að vekja ríkisstjórnina

Harkalega orðaðri umsögn Samtaka atvinnulífsins og LÍÚ um drög að frumvarpi um fiskeldi er beint að ríkisstjórninni. Fast er skotið á stjórnslustofnanir.

**STJÓRNSÝSLA** Samtök iðnaðarins (SA) og Landssamband útgerðarmanna (LÍÚ) skjóta föstum skotum á stjórnslustofnanir í umsögn sinni um nýtt fiskeldisfrumvarp, og fullyrt er að mikil tregða sé þar innandyra til að einfalda regluverk. Tregða þeirra snúist um að tryggja eigin stöðu og tekjur. Fyrst og síðast lýsir þó umsögnin óþoli í garð ríkisstjórnarinnar, segir annar höfundarinnar.

„Umsögnin var skrifuð til að vekja þingmenn til umhugsunar og sem skilaboð til ríkisstjórnarinnar ef hún skyldi rekast á þetta,“ segir Pétur Reimarsson, forstöðumaður hjá SA, sem skrifaði umsögn fyrir hönd SA ásamt Friðriki Friðriksyni, lögfræðingi LÍÚ, um frumvarp um fiskeldi sem liggur hjá atvinnuveganefnd. Pétur segir að samtökin hafi bundið vonir við að breytingar yrðu eftir ríkisstjórnarskiptin í fyrra, bæði í ljósi stjórnarsáttmálans og samþykktar um aðgerðaráætlun frá fyrsta fundi ríkisstjórnarinnar um að létta reglugerðarbyrði af atvinnulífinu. Þetta hafi ekki gengið eftir.

„Þess vegna var orðalagið frekar harkalegt til að reyna að koma þessum skilaboðum áleiðis,“ segir Pétur og bætir við að umsögnin hafi verið skrifuð eftir lestur umsagna frá stjórnslustofnunum um fiskeldisfrumvarpið. Önnur mál hafi rifjast



**FISKELDI** Stórtækar hugmyndir eru uppi um laxeldi í sjókvíum, en fullyrt er að regluverkið standi í veginum.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

upp sem runnið hafa í sama farvegi og í stað þess að fundin sé einfaldari og skilvirkari stjórnslusa fyrir fyrirtækin sé tilhneigingin sú að allir reyni að verja sína torfu.

Í umsögninni segir: „Allt ber að sama brunni. Það virðist lítill skilningur á nauðsyn uppbyggingar nýrrar atvinnustarfsemi hér á landi. Reynt er eftir föngum að hafa leyfisveitingar eins flóknar og kostur er. Ef reynt er að einfalda hluti rísa upp, með klærnar á lofti, stofnanir sem einungis virðast vera að tryggja eigin stöðu og tekjur.“ Sérstaklega er minnst á Umhverfisstofnun í þessu sambandi, og sagt að starfshættir séu fjarri því til fyrirmyndar þar á bæ.

Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar, kys að

„Ef reynt er að einfalda hluti rísa upp, með klærnar á lofti, stofnanir sem einungis virðast vera að tryggja eigin stöðu og tekjur.“

Umsögn SA og LÍÚ

tjá sig ekki sérstaklega um umsögn SA og LÍÚ, meint tregða snúist um að tryggja stöðu og tekjur. Hún segir að fullyrðingar í umsögninni standist ekki skoðun. „Við bentum á það sérstaklega, og óumbeðin, í tilkynningu árið 2012 að leyfisveitingaferlið væri of flókið. Við höfum því bent á vandamálið og sagt mikilvægt að taka á því,“ segir Kristín Linda.

svavar@frettabladid.is

Zero Emission



Innovation that excites

VERÐLÆKKUN!

Nissan EURO LEAF  
VERÐ 4.690 ÞÚS. KR.

## NÚ HLEÐUR ÞÚ LEAF Á AÐEINS 20 MÍNÚTUM

- Tvær hraðhleðslustöðvar komnar í gagnið: BL Sævarhöfða og höfuðstöðvar ON Bæjarháls
- 80% hleðsla á 20 mínútum
- Hraðhleðslustöðvar á 10 stöðum á næstunni
- Fri hleðsla í boði ON og Nissan Europe

### NÝJAR HRAÐHLEÐSLUSTÖÐVAR ON OG NISSAN

ON, í samstarfi við BL ehf. og Nissan Europe, setur upp 10 hraðhleðslustöðvar fyrir rafbíl á næstu mánuðum. Þær fyrstu hafa verið opnaðar við BL ehf. Sævarhöfða og höfuðstöðvar ON á Bæjarhálsi. Þetta er sannkölluð bylting fyrir rafbílaeigendur því það tekur ekki nema um 20 mínútur að hlaða geyminn upp í 80%. Það sem meira er: fyrst um sinn þurfa rafbílaeigendur ekki að greiða fyrir hleðslu.

Öllum Nissan Leaf sem BL selur fylgir 5 ára ábyrgð á rafhlöðu og tengdum háspennuhlutum.



NISSAN LEAF VAR FYRSTI RAFBÍLLINN Í HEIMINUM sem hlaut 5 stjörnur í Euro NCAP árekstrarprófunum árið 2012.



BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is





# Þýsk gæði

## Á MÚRBÚÐARVERÐI

### CERAVID

3-6 lítra  
hnappur

CERAVID SETT  
WC - kassi, hnappur  
og hæglokandi seta.  
Þýsk gæðavara  
**39.990**

Hæglokandi seta

Skál:  
„Scandinavia  
design“



LÆKKUM  
VERÐIÐ Á  
BYGGINGA-  
VÖRUM



LÁTUM FAGMENN  
VINNA VERKIN

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18

## MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

# WHEELER®

WORLDWIDE



**Wheeler Protron 700** - Álstell, 21 gíra, 26" dekk, stelpu- og strákastell - **Verð kr. 70.995.-**



**Wheeler Junior 400** - Álstell, 21 gíra, stelpu- og strákastell - **Verð kr. 69.995.-**



**Wheeler Junior 200** - Álstell, 12 gíra - **Verð kr. 59.995.-**



**Wheeler Junior 180** - Álstell - **Verð kr. 41.995.-**



**Wheeler Junior 160** - Álstell, mjórri dekk, mun auðveldara að hjóla - **Verð kr. 38.995.-**



FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN

Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is

PERSONULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

VIÐGERÐAR OG VARAHLUTAÞJÓNUSTA

## Landsnet varar við notkun skíða- og brettadreka nærri háspennulínunum: Sport sem getur verið hættulegt

**ÚTIVIST** Allir sem stunda svif- og skíðadrekasport þurfa að gera sér grein fyrir þeim hættum sem fylgja því að fara of nálægt háspennumannvirkjum. Þetta kemur fram í viðvörðun Landsnets vegna vaxandi notkunar svokallaðra skíðadreka, sem notaðir eru til að draga skíða- og brettafólk yfir snævi þakta grund.

„Mikil hætta skapast til dæmis ef tengilína svif- eða skíðadreka flækist í háspennulínunum. Kann þá rafstraumur að hlaupa um tengilín-

una, gegnum þann sem við hana er festur og miklar líkur eru á að slíkt valdi dauða viðkomandi,“ segir í umfjöllun á vef Landsnets.

„Hér er því um mikilvægt öryggismál að ræða fyrir alla sem stunda þessa íþrótt og brýnt að þeir velji sér helst leiðir þar sem ekki þarf að þvera háspennulínur.“ Gerist þess hins vegar þörf á réttar Landsnet að fella þurfi dreka tímanlega. „Og er eindregið mælt með því að nota þá ekki í minna en 100 metra fjarlægð frá háspennulínunum.“



**DREKAFERÐ** Verði óhapp við háspennumannvirki á að hringja í 112 eða Landsnet í síma 563-9401. NORDICPHOTOS/GETTY

## Andstaða við veiðar á langreyði eykst

Tæplega helmingur landsmanna, um 46 prósent, er hlynntur veiðum á langreyði samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Hlutfallið var 57 prósent í júní í fyrra. Tæplega fjórðungur Íslendinga er andvígur veiðum á langreyði.

**KÖNNUN** Verulega hefur dregið úr stuðningi við veiðar á langreyði á síðustu tíu mánuðum, samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Um 23,6 prósent landsmanna segjast nú mjög eða frekar andvíg veiðunum. Þetta er talsverð aukning frá því síðast þegar afstaða til veiðanna var könnuð, í lok júní í fyrra. Þá sögðust 18,5 prósent mjög eða frekar andvíg veiðum á langreyði.

Samkvæmt könnuninni styður meirihluti landsmanna ekki lengur veiðarnar. Alls eru 45,5 prósent landsmanna mjög eða frekar hlynnt veiðunum. Fyrir tíu mánuðum var rúmur meirihluti fyrir því að veiða langreyði, en þá sögðust 57,2 prósent mjög eða frekar hlynnt veiðunum í könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Tæpur þriðjungur landsmanna, um 30,9 prósent, er hvorki hlynntur né andvígur veiðunum. Það hlutfall hefur hækkað undanfarna mánuði, úr 24,2 prósentum í lok júní í fyrra.

Mikil munur er á afstöðu kynjanna til veiða á langreyði. Alls eru 51,8 prósent karla mjög eða frekar hlynnt veiðunum en 38,9 prósent kvenna. Um 24,2 prósent karla eru andvíg veiðunum en 23 prósent kvenna.

Stuðningsmenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks eru mun hlynntari veiðunum en stuðningsmenn annarra flokka. Um 62,1 prósent stuðningsmanna Framsóknarflokksins er hlynnt veiðunum og 56 prósent kjósenda Sjálfstæðisflokksins.


Áhuginn á veiðum er minni hjá stuðningsmönnum annarra flokka. Um 32,9 prósent stuðningsmanna Samfylkingarinnar eru hlynnt veiðunum og 29,9 prósent kjósenda Bjartrar framtíðar. Um 23,8 prósent stuðningsmanna Vinstri grænna eru fylgjandi veiðunum og 46,2 prósent kjósenda Pírata.

Hringt var í 1.332 manns þar til náðist í 801 samkvæmt lagskiptu

### STUÐNINGUR VIÐ VEIÐAR Á LANGREYÐI


#### Könnun

26. og 27. júní 2013



#### Könnun

14. og 15. apríl 2014



■ Mjög hlynnt(ur) ■ Frekar hlynnt(ur) ■ Hvorki né  
■ Frekar andvíg(ur) ■ Mjög andvíg(ur)

### → Veiddu 134 langreyðar síðasta sumar

Veiðitímabilið á langreyði er ekki hafið, en Hvalur hf. hafði heimild til að veiða 154 dýr í fyrra og áformað er að kvótinn verði sá sami á ári. Í fyrra veiddi fyrirtækið 134 dýr, en ekkert var veitt árin 2011 og 2012.

Nýlega fór um 2.000 tonna sending af hvalkjöti frá Hval hf. áleiðis til Japan. Skipið sigldi suður fyrir Afríku í stað þess að fara í gegnum Súesskurðinn. Erfitt hefur reynt að koma hvalkjöti sjóleiðina á markað í Japan þar sem verndarsinnar hafa beitt sér gegn veiðunum, sölu á kjötinu og þar með flutningi á því frá Íslandi.

úrtaki dagana 14. og 15. apríl. Svarhlutfallið var 60,1 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu og aldri.

Spurt var: Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ert þú veiðum á lang-

**39%** kvenna eru hlynnt veiðum á langreyði.

reyði? Alls tóku 94,8 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar. brjann@frettabladid.is



**LYFJA**  
- Lífið heil

**20%**  
afsláttur  
Gildir út apríl

**Corega**

Corega vörur fyrir gervigóma. Njóttu matarins án óþæginda.



www.lyfja.is

Lægra  
verð í  
Lyfju

# Stuðningur við gjaldtöku við náttúruþerfur hrynur samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2: Sex af hverjum tíu Íslendingum á móti gjaldheimtu

**KÖNNUN** Mikill meirihluti landsmanna, um 57,8 prósent, er andvígur því að innheimt sé gjald af þeim sem skoða helstu náttúruþerfur landsins, samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Um 42,2 prósent vilja innheimta slíkt gjald.

Þetta er mikil breyting frá því þegar spurt var um afstöðu þjóðarinnar til gjaldtöku í október í fyrra. Þá sögðust 69,6 prósent hlynnt gjaldtöku en 30,4 prósent sögðust andvíg.

Í millitíðinni hefur mikil umræða átt sér stað um gjaldtöku. Landeigendur við Geysi hófu innheimtu aðgangseyris þrátt fyrir mikla gagnrýni, en ríkið höfðaði mál til að stöðva gjaldtökuna. Þá hafa landeigendur við Dettifoss og Námaskarð boðað gjaldheimtu og aðrir virðast í startholunum.

Talsverður munur er á afstöðu fólks eftir aldri. Um 47,2 prósent Íslendinga 50 ára og eldri eru hlynnt gjaldtöku, en 37,7 prósent fólks á aldrinum 18 til 49 ára.

Hringt var í 1.332 manns þar til náðist í 801 samkvæmt lagskiptu úrtaki dagana 14. og 15. apríl. Svarhlutfallið var 60,1 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Finnst þér rétt að innheimta gjald af þeim sem skoða helstu náttúruþerfur landsins? Alls tóku 88,6 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar.

-bj

## Gjald fyrir að skoða náttúruþerfur

■ Já ■ Nei



**FORSÆTISRÁÐHERRA NOREGS** Erna Solberg er þeirrar skoðunar að samkynhneigðir eigi að fá að gifta sig í kirkju.

NORDICPHOTOS/AFP

## Kirkjan giftir ekki homma: Solberg ósammála banni

**NOREGUR** Erna Solberg, forsætisráðherra Noregs, kveðst virða ákvörðun kirkjuþings um að neita samkynhneigðum um hjónavígslu í kirkjum. Hún segist hins vegar ósammála úrskurði kirkjuþingsins sem samþykktur var með naumum meirihluta í síðustu viku.

Á vef norska ríkisútvarpsins er haft eftir Solberg að ríki og kirkja hafi verið skilin að og þess vegna verði hún að virða að kirkjan taki sjálf ákvarðanir.

-ibs

2004 - 2014  
**10 ára**



**35%**  
AFSLÁTTUR

af gleraugum í apríl



**Hamrahlíð 17**  
Hús Blindrafélagsins  
Sími 552-2002



## Á AÐ ENDURNÝJA?

50% afsláttur af stofn- og lántökugjöldum út apríl 2014

## HAGKVÆM BÍLAFJÁRMÖGNUN

Arion banki býður kaupleigu og bílalan til að fjármagna bílakaup. Viðskiptavinir í Vildarþjónustu njóta hagstæðra kjara og geta sparað sér töluverða fjármuni.

Á [arionbanki.is](http://arionbanki.is) finnur þú reiknivél sem sýnir með einföldum hætti muninn á þeim valkostum sem í boði eru.

Arion bílafjármögnun auðveldar þér að eignast og reka bílinn þinn á hagkvæman hátt.



## 2 fyrir 1 í fjallið



©RITA - VEI - VAKLUNGA

### Ekki missa af frábæru tilboði!

Gríptu með þér vin eða vinkonu, maka eða fjölskyldumeðlim og eigðu frábæran tíma í brekkunum.

Gildir 22.–25. apríl.

Upplýsingasími 530 3000



# Veik jarðlög og vatn hægðu á gangagrefti

Verktakar í Norðfjarðargöngum glíma nú við veik jarðlög sem hægja á gangagerðinni. Verkið er á eftir áætlun. Vinna við Vaðlaheiðargöng gengur nú vel eftir lélegar vikur í mars og apríl. Um 46 gráða heitt vatn streymir úr sprungu í berginu.

**SAMGÖNGUR** Framkvæmdir við Norðfjarðargöng eru nú á eftir áætlun. Verktakar í göngunum hafa síðustu fjórar vikur glímt við veik jarðlög sem hægja á gangagerðinni. Vaðlaheiðargöng í Eyjafirði eru enn á áætlun þrátt fyrir að mikið flæði af heitu vatni hafi tafið framkvæmdir.

„Við erum að glíma við veik setlög sem kalla á hæga yfirferð og miklar styrkingar,“ segir Guðmundur Þór Björnsson hjá verkfræðistofunni Hnit, sem fer með umsjón og eftirlit með framkvæmdum vegna Norðfjarðarganga.

Göngin eru nú 1.250 metra löng og verktakar grafa bæði frá Eskifirði og Fannardal í Norðfirði.

„Eskifjardarmegin erum við búin að vera að glíma við þessi óstöðugu setlög og svo var byrjað heldur seinna en reiknað var með í Norðfirði. Það var út af erfiðu tíðarfari í desember og janúar sem gerði alla jarðvinnu erfiða,“ segir Guðmundur.

Hann segir göngin nú lengjast um 15-20 metra á viku en að meðalafköst séu um 55 metrar á viku.

„Þetta er eiginlega þriðja svona lagið sem við förum í gegnum. Þetta er svo sem ekkert sem við gátum ekki búist við en satt best að segja erum við hundleiðir á þessu. En við



**Í NORD-FJARÐARGÖNGUM** Verktakar hafa síðustu vikur þurft að styrkja göngin með járnþentum steypubogum. MYND/ÓFEIGUR ÖRN ÓFEIGSSON/HNIT

höfum fengið alveg glimrandi fína kafla inni á milli. Það er því ekkert annað að gera en að halda áfram og svo losnum við við þetta og þá verða allir glaðir aftur.“

Verktakar í Vaðlaheiðargöngum eru nú komnir fram hjá þeim sprungusvæðum sem þeir lentu á frá því um miðjan febrúar. Mikill tími hefur farið í að þetta berg í kringum sprungurnar og hefta vatnsflæði og það hefur tafið gangagerðina. Um 350 lítrar af 46 gráða heitu vatni streyma enn úr stærstu sprungunni á hverri sekúndu og mynda talsverða gufu við



VALGEIR BERGMANN

gangamunnann og hita og raka innar í göngunum.

„Við erum komnir 250 metra inn fyrir þá sprungu. En við höfum mikið þurft að bergþétta og á meðan erum við ekkert að sprengja. Við förum niður í allt að tíu metra á viku en göngin höfðu fram að því lengst um 55 metra á viku að meðaltali,“ segir Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga hf. Göngin eru nú 2.150 metra löng. „Við erum enn á áætlun og verðum það svo lengi sem það kemur ekki mikið af þessu til viðbótar.“

haraldur@frettabladid.is

# VINSÆLIR VINNUSTAÐIR

## RENAULT TRAFIC DÍSIL

Verð frá: **3.338.000** kr. án vsk.

4.290.000 kr. m. vsk.

2,0 dísil, 115 hestöfl

Burðargeta allt að 1225 kg

Eyðsla 6,9 l/100 km\*



## RENAULT MASTER, DÍSIL

Verð frá: **4.294.000** kr. án vsk.

5.390.000 kr. m. vsk.

2,3 dísil, 125 hestöfl

Burðargeta allt að 1600 kg

Eyðsla 7,8 l/100 km\*

## VAL HINNA VINNANDI STÉTTA

Renault sendibílar eru mest seldu sendibílar á Íslandi. Spurðu fagmann og hann segir þér umbúðalaust af hverju. Þeir eru á góðu verði, eyðslugrannir og áreiðanlegir. Einnig einstaklega þægilegir í akstri og umgengni, vel búnir og góðir í endursölu. **VELDU ÖRUGGAN VINNUSTAÐ.**



www.renault.is



**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.bilahusid.is  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstaði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

\*Míðaó við uppgelvar eyðslutölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.



**39" FULL HD LED sjónvarp**

**39"**

**TOSHIBA**

39" Full HD LED sjónvarp með DVB-T, DVB-T/2, DVB-C, Wifi, DLNA, Skype, opnum vafra, 4x HDMI, SCART, Component, VGA, 2 x USB, Optical út, USB upptöku o.fl.

**TILBOÐ**

**99.989**  
FULLT VERÐ 139.989



**Práðlaus heyrnartól**



**TILBOÐ**

**14.989**  
FULLT VERÐ 19.989

Bluetooth

**Noontec Zoro**  
Práðlaus heyrnartól með Bluetooth. Stýrihnappar og hljóðnemi til að nota sem handfrjálstan búnað fyrir síma. Samanbrjótanleg.

**Ofurnákvæm leikjamús**



**TILBOÐ**

**6.989**  
FULLT VERÐ 7.989

**Corsair Raptor M30**  
Leikjamús fyrir FPS með 4000 DPI Optical nema. Hröð svörun og ótrúleg nákvæmni. Sex forritanlegir takkar með LED.



**Tölva með HD snertiskjá**

**TILBOÐ**  
**159.989**  
FULLT VERÐ 199.989

**Asus ET2321INTH**  
All in One tölva með 1080p háskerpuskjá með 10 punkta fjölsnertitækni og IPS. Intel Haswell örgjörvi með öflugri grafikvinnslu. Frábær hljómur með SonicMaster Premium.

**THX hátalarakerfi**



**TILBOÐ**

**39.989**  
FULLT VERÐ 49.989

**Logitech Z623**  
200W RMS THX 2.1 hátalarakerfi með RCA, 3.5mm og tengi fyrir heyrnartól. Gæðahljómur.



**FIFA Brasil PS3**

**TILBOÐ**  
**9.989**  
FULLT VERÐ 12.989



**MAX**  
RAFTÆKI

Opið mán. - fös. kl. 11-19  
Laugardaga kl. 11-18  
Sunnudaga kl. 12-18

**SÍMI 412 2200**

**BEINT Á MÓTI IKEA**

Siðferðilegar spurningar í ljósi fjallaklifurs:

## Að sigra tindinn

**A**föstudaginn langa féll snjóflóð í vesturhlíðum Everest með þeim afleiðingum að sextán fjallaleiðsögumenn, allt sjerpar, létust. Vesturlandabúar hafa lengi glímt við þetta hæsta fjall jarðar. Fyrir rúnum sextíu árum náði Sir Edmund Hillary toppi fjallsins ásamt sjerpanum Tenzing Norgay. Oftast er Hillary nefndur fyrstur og svo Norgay en telja má líklegt að Hillary hefði aldrei náði toppi Everest án sjerpans Norgay. Hæsti tindurinn nær 8.850 metra hæð og frá því að Norgay og Hillary komust á toppinn hafa þrjú þúsund klifið Everest og um þrjú hundruð látist við að gera atlögu að tindinum.

Mikael Torfason

mikael@frettabladid.is



Við Íslendingar þekkjum missi vel þegar kemur að því að klífa Everest. Fyrir 26 árum glímdu félagarnir Þorsteinn Guðjónsson og Kristinn Rúnarsson við fjallið og fórust báðir, þá 27 ára gamlir. Þremur árum síðar ákvað vinur þeirra, Ari Kristinn Gunnarsson, að heiðra minningu vina sinna með því að klífa Everest. Hann náði á toppinn en lést á leiðinni niður.

Við Íslendingar fengum fregnir af þessu mannskæðasta slysi í sögu Everest beint í æð því tveir Íslendingar eru á staðnum og bíða þess að komast á toppinn. Hvort af því verður ræðst af því hvort fjallaleiðsögumenn á svæðinu og burðarmenn halda aftur til vinnu en þeir eru óánægðir með aðbúnað á fjallinu og bætur sem fjölskyldur hinna látnu fá. Þá hafa nepölsk yfirvöld lýst yfir áhyggjum af því að of margir séu á fjallinu en sífellt fleiri Vesturlandabúar vilja komast upp á hæsta fjall í heimi.

Þeir sjerpar sem vinna sem burðarmenn á Everest vinna eitt hættulegasta starf í heimi. Sjómennska, námavinnsla og jafnvel hermennska í Írak er ekki eins lífshættuleg tölfræðilega og það að bera farangur fyrir Vesturlandabúa á Everest. Í fyrra dóu fjórir, árið þar á undan þrír og í ár hafa sautján sjerpar farist. Sjerpar starfa sem sérfræðingar um fjallið, burðarmenn og leiðsögumenn. Fyrir tímabilið geta þeir vonast til að fá allt frá 250 þúsund krónum upp í 700 þúsund. Þetta eru ekki háar upphæðir á mælikvarða okkar hér á Vesturlöndum en fyrir sjerpa er þetta dagott sé litið til þess að meðallaun á ári á þessu svæði nema ekki hundruð þúsund krónum.

Hér er því klassísk siðferðileg klemma sem grundvallast á misskiptingu milli heimshluta. Er rétt að taka þá afstöðu að hvetja fjallgöngumenn til að láta af sókn sinni á Everest á þeim forsendum að það hafi í för með sér að sjerpar leggi líf sitt í hættu fyrir það sem á mælikvarða okkar heimshluta telst lítið? Eitthvað sem við myndum flest aldrei gera. Eða er rétt að líta til þess að í heimalandi þeirra eru þetta góð laun og þeirra sjálfrá að vega og meta hvers virði mannlífin eru? Þetta er erfið siðferðileg spurning. Við hljótum hið minnsta að stöðja heimamenn í því að reynt verði að bæta aðbúnað, skikki verði komið á bótakerfi vegna slysa og tryggt verði að fyllsta öryggis sé gætt.

Við Íslendingar þekkjum missi vel þegar kemur að því að klífa Everest. Fyrir 26 árum glímdu félagarnir Þorsteinn Guðjónsson og Kristinn Rúnarsson við fjallið og fórust báðir, þá 27 ára gamlir. Þremur árum síðar ákvað vinur þeirra, Ari Kristinn Gunnarsson, að heiðra minningu vina sinna með því að klífa Everest. Hann náði á toppinn en lést á leiðinni niður.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

**Guðni aftur í stjórnmálin**  
Guðni Ágústsson, fyrrverandi ráðherra, hefur lofað því að svara ásköndum um mögulegt framboð hans á sumardaginn fyrsta. Fólk, sem telur sig eldri en tvævetur í pólitík, fullyrðir nú að með tilkynningunni sé Guðni í raun búinn að gefa það út að hann ætli að taka að sér oddvítasætið. Það væri ekki í takt við Guðna Ágústsson, sem landsmenn þekkja, að velja sér jafn fallegan dag og sumardaginn fyrsta til að valda stuðningsmönnum sínum vonbrigðum. Guðni hefur starfað sem framkvæmdastjóri Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði og því er ljóst að ef Guðni fer fram þá þarf íslenska

kyrin að finna sér nýjan umboðsmann.

**Kemur ekki til greina**  
Margir hefðu haldið að það þætti sjálfsagt að Guðrún Bryndís Karlsdóttir, sem skipar annað sæti Framsóknar í Reykjavík, færi sjálfkrafa upp um sæti þegar Óskar Bergsson steig til hliðar. Forysta Framsóknar í höfuðborginni virðist þó ekki þeirrar skoðunar. Guðrún Bryndís hefur sjálf sagst vera betri kostur til að leiða lista Framsóknar en




Guðni Ágústsson, en þrátt fyrir það hefur enginn í kjörstjórn eða forystu flokksins beðið hana að setjast í leiðtogasætið.

**Sameinaðir um flugvöllinn**  
Guðni Ágústsson og Halldór Halldórsson, oddviti sjálfstæðisfólks í Reykjavík, hafa snúið bókum saman í baráttunni fyrir Reykjavíkflugvelli. Halldór segist vilja tryggja að höfuðborgin hafi flugvöll og Guðni segir Reykjavíkflugvöll þann besta og mikilvægasta á Íslandi. Afstaðan þarf ekki að koma neinum á óvart enda eru Guðni og Halldór báðir landsbyggðarmenn í grunninn.

snaeros@frettabladid.is

### HALLDÓR



### FRÉTTABLAÐIÐ

apríl-tilboð frá 7.990 kr

Viftur-rör-tengi-hlífar

**ALLUR PAKKINN!**

**Útsogsblásarar**

Mjög öflugir blásarar með veðurkassa.

Verð frá 27.990 kr



apríl-tilboð

**Ekki múkk!**

Hljóðlátari en hvísl á bókasafni. Silenta rorarblásar.

Verð frá 24.990



apríl-tilboð

**Flötu rörin**

Frábær á sýnilega staði eða þar sem er þröngt.

Allur fittings í boði!



apríl-tilboð

**íshúsið**



**viftur.is**

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata



🏁 | KL. 20:10

**Á fullu gazi**

Sigríður Elva og Finnur Thorlacius stýra þessum fjöregu og skemmtilegu bílapáttum.

# Skemmtilegt þriðjudagskvöld

🏁 | KL. 19:45

**Surviving Jack**

Gamansería um mann á miðjum aldri sem tekur að sér að vera heima og sjá um uppeldi unglingsanna á heimilinu.



🏁 | KL. 20:35

**The Big Bang Theory**

Stórskemmtilegur gamanþáttur um ofurnördana Leonard og Sheldon.



🏁 | KL. 21:00

**The Mentalist**

Sjötta þáttaröðin um Patrick Jane sem nú er orðinn ráðgjafi hjá FBI.



🏁 | KL. 21:45

**The Smoke**

Vönduð bresk þáttaröð frá framleiðendum Broadchurch.



3 | KL. 21:00

**Þriðjudagskvöld með Frikka Dór**

Skemmtilegir þættir með frábærri tónlist og góðum gestum.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00

**Barnaefni alla daga**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Fáðu þér áskrift! **365.IS**

**SUDOKU**

LÉTT				
9	4	8		3
2		3	7	4
	7	8		6
		4	9	2
		6		8
4	8		7	9
	2	6		1
	3	9		8
1		5	2	9

**LÉTT**

MIDLUNGS				
		2	4	8
	7		3	2
	6	7		3
5			2	9
3	9			
1	2		4	3
2	5		1	8
8	1	4	2	
9		6		

**MIDLUNGS**

PUNG				
2				3
8	1		4	7
3			9	1
			5	9
		6		4
9		1	7	
		7		4
4	6			2
		2	1	

**PUNG**

3	8	5	2	1	6	4	9	7	4	8	7	9	3	6	2	5	1	5	6	4	3	9	8	2	7	1
2	9	6	5	7	4	3	8	1	5	6	9	2	4	1	8	3	7	3	7	9	1	2	5	8	4	6
7	1	4	3	8	9	2	5	6	1	2	3	5	7	8	6	9	4	2	8	1	6	4	7	3	5	9
9	2	1	4	3	7	5	6	8	6	7	5	4	8	9	1	2	3	6	1	8	7	5	2	9	3	4
4	6	7	8	5	1	9	3	2	2	9	4	6	1	3	5	7	8	7	9	3	8	6	4	5	1	2
5	3	8	9	6	2	7	1	4	8	3	1	7	5	2	4	6	9	4	2	5	9	1	3	6	8	7
6	4	3	7	9	8	1	2	5	7	4	8	3	2	5	9	1	6	8	3	6	2	7	1	4	9	5
8	5	2	1	4	3	6	7	9	3	5	6	1	9	4	7	8	2	1	5	2	4	8	9	7	6	3
1	7	9	6	2	5	8	4	3	9	1	2	8	6	7	3	4	5	9	4	7	5	3	6	1	2	8

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Myndasögur

**PONDUS**

Eftir Frode Øverli



**HANDAN VIÐ HORNID**

Eftir Tony Lopes



**BARNALÁN**

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**SPAKMÆLI DAGSINS**

„Vinsemd er alltaf í tísku.“

Amelia Barr

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

**KROSSGÁTA**

**LÁRÉTT**

2. varsla, 6. spil, 8. spor, 9. háttur, 11. núna, 12. frétt, 14. dótari, 16. ætíð, 17. gerast, 18. námstímabil, 20. tveir, 21. þráður.

**LÓÐRÉTT**

1. helminguð, 3. frá, 4. máski, 5. hyggja, 7. fiskur, 10. lyftiduft, 13. eldsneyti, 15. afgangur, 16. verkfæri, 19. númer.

**LAUSN**

1. sög, 2. vakt, 3. ás, 4. fát, 5. lag, 6. fát, 7. sardína, 8. gas, 9. léif, 10. ger, 11. hálf, 12. áf, 13. kannski, 14. hálf, 15. áf, 16. drasl, 17. nú, 18. önn, 19. fát, 20. fát, 21. fát.

**SKÁK**

**Gunnar Björnsson**

Magnus Carlsen (2.881) vann Shakhriyar Mamedyarov (2.760) í fyrstu umferð minningarmóts um Gashimov.

**Hvítur á leik**



37. Bxh6! Da1+ (37...gxf6 38. Dxf6+ Kg8 39. Dg5+) 38. Kg2 Hxf2+ (eini möguleikinn) 39. Kxf2 De1+ 40. Kg2 De4+ 41. Kh3 Dh1+ 42. Kg3 De1+ 43. Kf4 Bd2+ 44. Hxd2 Dxd2+ 45. Kf5 gxf6 46. De8+ Kg7 47. De7+ Svartur gaf. [www.skak.is](http://www.skak.is): Carlsen er með fullt hús eftir 2 umferðir.

# NÚ ER ORMSSON KOMIÐ HEIM OG SAMAN

Opið virka daga frá 10-18 og laugardaga frá 11-15

OPNUNAR TILBOÐ

Hljómtækjadeildin er nú flutt til föðurhúsanna í Lágmúla 8 og því hefur allt vöruúrval Ormsson nú fundið sér samastað á sama stað.

**Pioneer** HLJÓMTÆKI X-EM11



**TILBOÐ 19.900**

Hljómtækjastæða Verð: 25.900

**Pioneer** HLJÓMTÆKI X-HM11-K



**TILBOÐ 27.900**

Hljómtækjastæða Verð: 34.900

**Pioneer** HLJÓMTÆKI X-SM00



**TILBOÐ 29.900**

iPod vaggja Verð: 39.900

**Pioneer** HLJÓMTÆKI DEH-X3500UI



**TILBOÐ 21.500**

Bíltæki Verð: 28.900

**Pioneer** HLJÓMTÆKI DCS-222K



5.1 rása

**TILBOÐ 36.900**

DVD-Heimabíókerfi Verð: 49.900

**Pioneer** HLJÓMTÆKI DV-2242



**TILBOÐ 9.900**

DVD spilari Verð: 14.900

**CELESTRON** Travelscope 70



**TILBOÐ 12.900**

Stjörnu-sjónauki Verð: 16.900

TASKA FYLGIR

Frábærir sjónaukar í úrvali



**OLYMPUS**  
**CELESTRON**

Verð frá: 3.990

**Pioneer** HLJÓMTÆKI XW-BTS1



**TILBOÐ 16.900**

Bluetooth

Bluetooth hátalarar Verð: 22.500

**Hercules** Air+



**TILBOÐ 39.900**

DJ stjórnborð Verð: 49.999

**Skullcandy** HEYRNARTÓL



**25% afsláttur**

**Pioneer** HLJÓMTÆKI SE-MJ721



**25% afsláttur**

Heyrnartól af bestu gerð

**Nintendo** Wii mini



Mario Kart fylgir Verð: 26.900

**Wii U**



Verð: 69.900

**NINTENDO DS** Tveir litir



Verð: 29.900

ÚRVAL TÖLVULEIKJA



Kr. 7.990 | Kr. 9.450 | Kr. 8.990 | Kr. 5.990

**SPENNA SNERPA SNILLD**

Ljósaperan enduruppgötvuð LIFX SMART LED LJÓSAPERA



- 40.000 tíma ending sem gerir 27 ár miða við 4 klst. notkun á dag.
- 1017 Lumens í fullum styrk
- 17W í fullum styrk en 9W í 50% styrk.
- Allt að 16 milljón litir mögulegir og hvítt ljós 2700-8000 Kelvin.
- LIFX snjallforrit í Apple iOS 6+ eða Android 4.0+
- Stuðningur við allt að 60+ perur á sama netkerfi.

Verð: 15.900

**SAMSUNG NX 1000** { TIL BÆÐI SVÖRT OG HVÍT }



**TILBOÐ 79.900**

- 20.3 milljón pixlar
- 20-50 mm linsa fylgir
- APS-CMOS Sensor
- 8 rammar á sek.
- Direct Wi-Fi
- i-Function linsa
- Lokarahraði frá 1/4000 upp í 30 sek.
- ISO 100-12800
- Notar RAW, JPEG, EXIF, DPOF og PictBridge skráarsnið
- Tekur upp 1080p (30fps) myndbönd (H.264) með hjóði
- Hristivörn (DIS og OIS innbyggt)

Með vélinni fylgir í kaupbæti **SAMSUNG GALAXY Tab 2** **Kaupauki**

Samsung GALAXY Tab 2 7" WiFi spjaldtölva fylgir með í kaupnum

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP Í „NÝRRI“ VERSLUN!

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 • REYKJAVÍK  
SÍMI 530 2800 • ORMSSON.IS

## Kafaldsbylur, krapi, rokk, ról og brjóstbirtan

Tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður hefur vaxið og dafnað síðan hún var fyrst haldin á Ísafirði fyrir tíu árum. Vinsælustu hljómsveitir Íslands stígu á svið fyrir framan unga sem aldna en íbúafjöldi Ísafjarðar tvöfaldaðist um helgina.

Gildir til 30. apríl 2014



**15%**  
afsláttur af öllum  
pakkningastærðum  
af Nicorette Fruitmint

**Lækkaðu lyfjakostnaðinn**

SUÐURLANDSBRAUT 22  
SÍMI 533 6100  
LYFJAVER.IS

**LYFJAVER**

Opíð mán-fös 8.30-18 og lau 10-14 **APÓTEK + LYFJASKÜMMTUN**

Kafaldsbylur barði rúður á Ísafirði og í nágrenni um páska-helgina á milli þess sem Pollinn lægði og ský létu undan sólu. Veðrið var haldið öflugri geðsveiflum en gengur og gerist á Íslandi og skipti um ham á hálf-tíma fresti. Heimamenn og fastir gestir á Aldrei fór ég suður, rokkhátíð alþýðunnar, voru sam-mála um að aldrei fyrr hefði kyngt öðru eins niður af snjó um páska-helgina.

Aldrei fór ég suður skipar fastan sess í menningarlífi landsins og markar upphaf flóru bæjarhátíða ár hvert. Talið er að íbúafjöldi Ísafjarðar tvöfaldaðist um páska-helgina og er Aldrei fór ég suður fyrir að þakka. Það er töfrum líkast að vera með vin á hægri hönd, Eyrarfjall á þá vinstri og brjóstbirtuna við hjartastað þegar talið er inn í hverja snilldina á fætur annarri.

### Búgi fyrir þá sem dansa

Hátíðin í ár var engin undan-tekning frá fyrri árum. Þétt og fjölbreytt dagskrá var keyrð áfram og lítt þekktir heimamenn þreyttu frumraun sína á sviði til jafns við reyndari stórstjörnur.

Heimamaðurinn og pylsusalinn í Bæjarins bestu í Reykjavík, Skúli Þórðarson, opnaði hátíðina í ár með leikkonunni Þórunni Örnú Kristjánsdóttur og búgísveit. Skúli sagði það heiður að opna hátíðina á tíu ára afmælinu og bauðst til þess að standa í sömu sporum að öðrum tíu árum liðnum. Gestir brugðust vel við enda hefur Aldrei fór ég suður alltaf haft þá sérstöðu að vera öllum opin og ókeypis. Það langar alla að halda Aldrei áfram.

### „Gúanó, tékki og vín“

Skipuleggjendur hátíðarinnar í



**AÐ EILÍFU ALDREI** Gítarneglurnar eru til sölu til styrktar Aldrei fór ég suður.



**HJALTALÍN** Högni Egilsson í Hjaltalín var sveipaður dulúð á laugardagskvöldinu. FRETTABLAÐIÐ/SNÆRÓS



**GRÍSALAPPALÍSA** Gunnar Ragnarsson söngvari minnti helst á Mick Jagger þegar hann dansaði um sviðið. Í ár þreytti hljómsveitin frumraun sína á Aldrei fór ég suður.

## Viðurkenning Öldrunarráðs Íslands 2014

Árlega veitir Öldrunarráð Íslands sérstaka viðurkenningu til einstaklings, stofnunar eða félagsamtaka sem þykja hafa unnið einstakt starf tengt málefnum aldraðra.

Hér með óskar Öldrunarráð eftir tilnefningum til viðurkenningar Öldrunarráðs Íslands. Öllum er heimilit að senda inn tilnefningar.

Frestur til að senda inn tilnefningar er til og með 4. maí 2014 og skulu tilnefningar sendar til Öldrunarráðs Íslands, Hrafnistu við Laugarás, 104 Reykjavík eða á netfangið [oldrunarrad@oldrunarrad.is](mailto:oldrunarrad@oldrunarrad.is)



# SIEMENS

## SIEMENS Þvottavél

WM 12B060DN

Íslenskt stjórnborð.  
Tekur mest 5,5 kg.  
Vindur upp í 1200 sn./mín.  
Þvottakerfi og hiti valin með einum snerli.  
Orkuflokkur A+.  
Sérkerfi: Hraðkerfi 30 mín., ullarþvottur og viðkvæmur þvottur/silki.

Gildir til 30. apríl eða á meðan birgðir endast.

Sértilboð:

**79.900** kr. stgr.

Fullt verð: 109.900 kr.



Ariel fljótandi þvottaefni fylgir með öllum Siemens þvottavélum.



# SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000  
[www.sminor.is](http://www.sminor.is)



**FJÖLSKYLDUHAFTÍÐ** Þessi ungi herramaður lúrdi í fanginu á pabba sínum fremst við sviðið og lét rokkið ekkert á sig fá.

Ár hafa gefið í skyn að Aldrei fór ég suður verði ekki haldin aftur í höllinni á Grænagarði. Hátíðin, sem hófst í sushi-verksmiðju Sindrabergs og var svo færð í fokhelt Edinborgarhúsið, hefur fyrir löngu sprengt utan af sér húsnæðið. Nú getur Ísafjarðarbær lagst á bæn og boðið skipuleggjendum allt mögulegt húsnæði til að rokkið haldi áfram. Aldrei fór ég suður hefur gefið Ísafjarðarbæ ótrúlega vigt í menningar-

lífi Íslands og tryggt bænum stöðugan straum ferðamanna yfir dimmstu mánuðina. Það væru flón sem ekki viðurkenndu að Aldrei fór ég suður hefur gert það að verkum að nú keyrir fólk ekki framhjá Vestfjörðum þegar hringurinn er keyrður. Þess í stað hefur ótrúlegur fjöldi komið vestur í fyrsta sinn og kemur svo aftur og aftur, ástfanginn af Ísafirði, gúanóstelpum og fjallasýnni.

snaeros@frettabladid.is



**PÁLL ÓSKAR HJÁLMTÝSSON** Hjúp óvænt í skarðið á hátíðinni en var með glimmersprengjur tilbúnar og bleiku jakkafötin straujuð.



**CONTALGEN FUNERAL** Blúsrokk sveitin frá Skagafirði lék fyrir dansi. Söngkonan Sigurlaug Vordís spilaði meðal annars á sauðarleggi.



29. apríl 2014 / Hilton Reykjavík Nordica

# BLEIK FRAMTÍÐ

RÁÐSTEFNA  
LANDSSAMBANDS  
FISKELDISSTÖÐVA

Liggja tækifæri við sjávarsíðuna í eldi laxfiska?

Ráðstefna um áhrif, vöxt og reynslu af sjókvíaldri hér og í nágrennalöndum okkar.

**DAGSKRÁ:**

- 12:30 Afhending gagna
- 12:50 Formaður LF
- 13:00 Ávarp  
**Sigurður Ingi Jóhannsson, ráðherra fiskeldismála.**
- 13:10 Staða, útflutningsverðmæti og framtíðarsýn í fiskeldi  
**Guðbergur Rúnarsson, framkvæmdastjóri LF.**
- 13:20 Bleikir fiskar – ofurfæða  
**Friðrika Hjördis Geirsdóttir, fjölmiðlakona.**
- 13:40 Áhrif fiskeldis á samfélagið á sunnanverðum Vestfjörðum  
**Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar.**
- 13:55 Áhrif laxeldis á færeyskt samfélag og hvaða þýðingu getur fiskeldi haft á íslenskt atvinnulíf í dreifbýli?  
**Stefan í Skoruni hjá Havbúnaðarfélaginu.**
- 14:15 Umræður
- 14:45 Kaffi
- 15:00 Hvernig er staðið að sjúkdómavörnum og hvernig er laxalús haldið í skefjum í laxeldi? Vöktun og viðbrögð við umhverfisálagi frá laxfiskaeldi í sjó  
**Ketil Rykhus, dýralæknir og eigandi ráðgjafa-fyrirtækisins One Health Consultants í Noregi.**
- 15:30 Staða heilbrigðismála fiskeldis á Íslandi og efnatöknun  
**Gísli Jónsson, dýralæknir hjá MAST.**
- 15:40 Fiskeldissvæði, fyrirbyggjandi aðgerðir og hugsanleg áhrif á villta laxfiskastofna  
**Jón Örn Pálsson, sjávarútvegsfræðingur hjá Fjarðalaxi.**
- 15:50 Kynning á burðarþoli fjarða  
**Sólveig R. Ólafsdóttir, forstöðumaður sjó- og vistfræðisviðs Hafrannsóknastofnunar.**
- 16:00 Umræður
- 16:15 Samantekt og ráðstefnuslit  
**Jón Kjartan Jónsson, fráfarandi formaður LF.**
- 16:25 Móttaka



**Ókeypis aðgangur.**  
Hvetjum alla til að koma og kynna sér stöðu eldis á laxfiskum.  
**Skráning: [www.lf.is/skraning](http://www.lf.is/skraning)**



LANDSSAMBAND  
FISKELDISSTÖÐVA  
Borgartúni 35, 105 Reykjavík  
Sími 591 0360 [www.lf.is](http://www.lf.is)



# „BESTU KAUPIN“

KYNNTU ÞÉR **SKYACTIV** SPARTÆKNI MAZDA  
KOMDU Í REYNSLUAKSTUR



BEINSKIPTUR FRÁ 4.490.000 KR.  
SJÁLFSKIPTUR FRÁ 4.790.000 KR.

## MAZDA 6

Mazda6 eru bestu kaupin í sínum flokki samkvæmt ritdómi Morgunblaðsins. Það ætti engan að undra því Mazda6 sameinar glæsilega hönnun, framúrskarandi akstursánægju og ótrúlega sparneytni. SKYACTIV spartækni Mazda skapar fádæma sparneytni fyrir stóran fjölskyldubíl. Þar sameinast ný vélar- og sjálfskiptitækni ásamt léttum en ofursterkum málum sem léttu bílinn. Eldsneytisnotkun SKYACTIV vélanna með sjálfskiptingu er einungis 4,8 l/100 km fyrir díslvél og 6,0 l/100 km fyrir bensínvél.

MAZDA. DEFY CONVENTION.

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | [mazda.is](http://mazda.is)

Vissir þú að Mazda6 hefur þennan staðalbúnað?  
Snjallhemlunarkerfi (Smart City Break Support), blindpunktsaðvörunarkerfi (Rear Vehicle Monitoring), i-stop spartækni, Bluetooth síma- og tónhlöðutengi, 17" álfelgur, nálægðarskynjara, upplýsingasnertiskjá í mælaborði, hraðastilli (cruise) og regnskynjara í framuðu. Komdu í reynsluakstur og gerðu samanburð. Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



**SMÁRRA BÍÓ HÁSHÖLA BÍÓ**



**HARRY OG HEIMIR**  
★★★★ -B.O., DV

ÞORIR ÞU Í BÍÓ?

SMÁRRA BÍÓ	KL.	5%
RÍO 2D ISL. TAL.	KL. 3:30 - 5:45	L
RÍO 2D ISL. TAL.	KL. 3:30 - 5:45	L
RÍO 2D BNS. TAL. (TÍKTAÐ)	KL. 5:45 - 8	L
OCULUS	KL. 8 - 10:20	16
HARRY OG HEIMIR	KL. 4 - 6 - 8 - 10	7
HARRY OG HEIMIR LÚXUS	KL. 4 - 6 - 8 - 10	7
GRAND BUDAPEST HOTEL	KL. 8 - 10:15	7
HNETURÁNIÐ 2D	KL. 3:30	L
RIDE ALONG	KL. 10:15	12

HÁSHÖLA BÍÓ	KL.	5%
RÍO 2D ISL. TAL.	KL. 5:45	L
OCULUS	KL. 8 - 10:20	16
HARRY OG HEIMIR	KL. 8 - 8 - 10	7
NYMPHOMANIAC PART 2	KL. 8	16
HELD	KL. 6	L
GRAND BUDAPEST HOTEL	KL. 5:45 - 8 - 10:15	7

**BÍOBYLTING**  
BESTA VERIÐ Ótýrara fyrir kl. 19.  
FJÓLSKYLDUPAKKINN Allir borga barnaverð.  
GAÐASTUND Fyrir 18 ára og eldri.  
SÁMAR Á WWW.SMARRABIO.IS/BYLTING

### Tískubloggari í sjónvarpsþætti

Tískubloggarinn Tavi Gevinson þreytti frumraun sína á sjónvarpsskjánum um helgina sem kvenpersónan Lauren í þættinum Parenthood. Gevinson stóð sig vel í hlutverkinu en Lauren er kærasta annarrar kvenpersónu, Haddie Braverman. Báðar eru þær ungar stúlkur að styðja hvor aðra í að koma út úr hinum svokallaða skáp. Í þættinum kynsir Braverman vinkonu sína Lauren fyrir foreldrum sínum sem virkilega góða vinkonu, og foreldrar ungu stúlkunnar skilja sem kærustu. Ekki var þó farin sama leið og í öðrum sápuoperum þar sem slík atvriði eru dramatísuð heldur var þátturinn í heild sinni raunveruleg og einlæg nálgun á ungt fólk og kynhneigð þess.

### Bráðum kemur (vonandi) betri tíð

BAKPANKAR ÞAÐ Álfrúnar Pálsdóttur



ÞAÐ er ekki þannig að ég þrá sólarstrendur eða pálmatré. Mér í raun sama hvort ég eyði tíma mínunni á sleikja sólna á sundlaugarbakka á Spáni eða á Seltjarnarnesi. Mig langar bara óstjórnlega mikið í þetta sem kallast vor. Peysuveður, smá sól, bláan himin og frískandi vinda.

Ekki rok, bara smá blástur. Já, það má láta sig dreyma um roklausan dag.

**PÁSKAHRETIÐ** sem gekk yfir höfuðborgarsvæðið um helgina var punkturinn yfir i-ið á sólarveldi mínu. Líkaminn öskrar á D-vítamín og afleiðingarnar eru pistill á borð við þennan. Auðvitað geri ég mér grein fyrir að Ísland hefur upp á margt annað að bjóða en gott veður. En nú er þolinmæði mín fyrir eljagangi, úrkomusamri og daufri tíð á þrotum.

**DÓTTIR** mín náði að fanga hinn fullkomna sumardag á mynd sem hún teiknaði í leikskólanum þriggja ára gömul. Myndin var af henni hoppandi á trampólíni og ég sat fyrir aftan. Útskýringartextinn við myndina var: „Við pabbi að hoppa í garðinum og mamma í sólbáði.“ Draumasumardagur sem vonandi verður að veruleika áður en langt um líður. Bless, vorhret, og komdu nú fljótt, kæra sumar.

## Af meintu lögbroti í Grafarvogskirkju

TÓNLIST ★★★★★

### 34.–50. Passíusálmar Hallgríms Péturssonar

TÓNLIST EFTIR MEGAS Í FJÖLBREYTTUM ÚTSETNINGUM. FLYTJENDUR: MEGAS, MARGRÉT KRISTÍN BLÖNDAL, SÖNGFJELAGIÐ OG PÍSLARSVEITIN UNDIR LISTRÆNNI STJÓRN HILMARS ARNAR AGNARSSONAR. FÖSTUDAGURINN LANGI Í GRAFARVOGSKIRKJU.

Mörgum þykir sjálfsagt föstudagurinn langi óttalega leiðinlegur. Allt er lokað, sumar skemmtanir eru ólöglegar vegna strangrúarstefnu sem þreifst hér um aldir. Það er ástæðan fyrir því að samtökin Vantrú efna til bingós á Austurvelli á föstudaginn langa. Þannig mótmæla þau borgaralega lögum um helgidagafrið, sem má rekja til „óeðlilegs sambands ríkis og kirkju“, eins og það er orðað hjá þeim. Halda má tónleika þennan dag, en dansleikir og spil eru ekki leyfð. Þetta hlýtur að þýða að tónleikar þar sem fólk stendur upp og dansar, eru á mörkum þess að vera lögbrot. Ég vil því ákæra tónlistarfólk í Grafarvogskirkju á föstudaginn langa! Þar var fluttur hluti Passíusálma Hallgríms Péturssonar sem Megas hefur samið tónlist við. Kórinn Söngfjlagið dansaði og dillaði sér undir tónlistinni, sérstaklega í einum sálminum. Lögreglan hefði átt að vera á staðnum. Að öllum gamni slepptu, þá voru tónleikarnir stórskemmtilegir. Einhverjum kann að finnast að rokktonlist sé ekki við hæfi þegar Passíusálmarnir eru fluttir, hún sé of alþýðleg. En þá verður að hafa í huga að fólk í kringum Krist var margt hvert úrhök þjóðfélagsins. Þetta voru holdsveikisjúklingar, hörur og tollheimtumenn. Ef það er einhver tónlist sem hæfir Passíusálmunum, þá er það



**STÓRSKEMMTILEGIR TÓNLEIKAR** Jónas Sen segir tónleikana hafa verið stórbrotinn listviðburður og að vonandi verði þeir aðgengilegir á geisladiskum sem fyrst.

einmitt sú sem Megas hefur samið. Hann syngur gjarnan um fólk sem orðið hefur utanvelta í samfélaginu. Þannig upphefur hann þá sem minna mega sín og veitir ljósi inn í dimmstu afkima lífsins. Þetta voru þriðju og síðustu tónleikarnir þar sem allir Passíusálmarnir Megasar voru fluttir, sumir textarnir reyndar í styttri útgáfu. Því miður missti ég af hinum tveimur tónleikumunum, sem voru fyrir í mánuðinum. Þar kom við sögu fjölbreytt teymi listamanna á borð við Caput hópin og Moses High-tower. Að þessu sinni var það Margrét Kristín Blöndal sem söng með Megasi (hún var einnig í aðalhlutverki á fyrri tónleikumunum), ennfremur hið fyrrnefnda Söngfjlag. Auk þess spilaði hrynsveit, sem samanstóð af nokkrum valinkunnum hljóðfærleikurum, m.a. Kjartani Valdmarssyni, Einari Scheving og Kristni Árnasyni. Þarna var líka strengjakvartett og öllu saman stjórnaði Hilmar Örn Agnarsson. Það gerði hann með tilþrifum.

Útsetningarnar voru eftir ólíkan hóp tónlistarfólks og sýndu mismunandi hliðar á tónlist Megasar. Sonur hans, Þórður Magnússon, átti nokkrar alvörugestu útsetningarnar. Þær komu ágætlega út, enda lög Megasar einföld og eru því teygjanleg í ýmsar áttir. Það væri að æra óstöðugan að telja upp alla sem útsettu lögin á tónleikumunum, en ég verð að nefna þann sem var hvað mest áberandi, Harald Vigni Sveinbjörnsson. Útgáfur hans á nokkrum lögum voru blátt áfram og hnyttar, sniðugar án þess að hann færi með tónlistina í einhverjar nýjar víddir. Útsetningarnar voru þægilegar áheyrnar. Ein sú kraftmesta var eftir listræna stjórnandann, Hilmar Örn sem fyrri var nefndur. Hún var um teiknin sem urðu við dauða Kristis. Í sálminum segir frá því að musteristjald hafi rífnast í tvennt. Kórinn lék tjaldið, sumir dönsuðu til hægri, aðrir til vinstri, þannig var hann eins og tjald sem rífnast í sundur. Það

var tilkomumikið og vakti gríðarlegan fögnuð meðal áheyrenda. Allur flutningurinn var til fyrirmyndar. Kórinn söng liflega og með auðfundinni einlægni. Hljóðfærleikararnir voru samtaka og öruggir. Margrét Kristín söng með unaðslega bjartri röddu. Hún og hin hrjúfa rödd Megasar mynduðu kröftugar andstæður. Megas sjálfur var sjarmerandi og geislandi af húmor. En það var líka angurværð og tregi í söng hans og Margrétar. Rokktónlist er ekkert endilega bara á yfirborðinu. Þarna var svo margt sem var ótrúlega fagurt. Tónlistin var einfaldlega dásamleg, þrungin hlýju og kærleika, en líka sorg. Hún var full af ljósi, en einnig skuggum. Ég vona að upptökur með tónleikumunum þremur verði aðgengilegar á geisladiskum sem fyrst. Þetta var stórbrotinn listviðburður sem verður að varðveita.

Jónas Sen

**NIÐURSTAÐA:** Magnaðir tónleikar sem sýndu ólíkar hliðar á Megasi.



### Kvikmyndasafn Íslands sýnir í Bæjarbíói

Þriðjudaga kl. 20:00 og laugardaga kl. 16:00 Sjá sýningaskrá á: www.kvikmyndasafn.is

### SAMSKIPTI SOVÉTRÍKJANNA OG ÍSLANDS Í KVIKMYNDUM 4

Samsætt dagskrá úr stuttum heimildamyndum sem bregða upp eins konar sjálfmynd af Sovétríkjunum á 8. og 9. áratugnum. Þýðing og þulalæstur Sergei Khalipov tengir myndirnar saman.

- Skoðunarferð um Kremli
- Tónskáldið Sjostakovitsj
- Hljómfall og litir Armeníu
- Áhrif dagblaðsins Prövdur
- Vladímír Majakovskíj
- Frá Sankti Pétursborg til Leningrad

### Hrfin af fortíðinni

Leikkonan Kirsten Dunst sem gerði garðinn frægan með myndum á borð við Þríleikinn um Köngulármanninn var nýlega á forsiðu tímaritsins W Magazine. Í viðtali þar tjáir Kirsten blaðakonunni Sofíu Coppola hvaða persónu úr fortíðinni hún hefði mestan áhuga á að leika. Segir Dunst að hana hafi dreymt um að leika Jean Harlow. Fyrir þá sem ekki vita þá var Jean Harlow Hollywood-stjarna í kringum 1930 þar sem hún lék í myndunum Red Dust, Reckless og Suzy.



**BÍÓ PARADÍS** EUROPA CINEMAS

<b>ANTBOY</b>	<b>METEORA</b>	<b>ANDRI &amp; EDDA VERÐA BESTU VINIR</b>
---------------	----------------	---

SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas



# netto

Kræsingar & kostakjör

# FLOTTAR SUMAR- GJAFIR Í MIKLU ÚRVALI

HLAUPAHJÓL  
BLEIKT/BLÁTT **5.989Kr**



[www.netto.is](http://www.netto.is)

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

## Spá Fréttablaðsins



1. sæti - ???
2. sæti - ???
3. sæti - ???
4. sæti - ???
5. sæti - ???
6. sæti - ???
7. sæti - ???
8. sæti - ???
9. sæti - ???
10. sæti - ???
11. sæti - Á morgun



## 12. SÆTI - FJÖLNIR

## Fjölnir hafnar í 12. sæti

Fjölnir er mættur aftur í deild þeirra bestu eftir fjögurra ára fjarveru. Liðið komst í fyrsta skipti upp í úrvalsdeildina 2008 og hélt sæti sínu þá með glæsibrag.

Fáir spáðu Grafarvogslíðinu upp um deild á síðasta tímabili. Það byrjaði heldur ekki vel undir stjórn Ágústs Gylfasonar og fékk aðeins fjögur stig í fyrstu fimm umferðunum. En Fjölnismenn létu það ekki á sig fá heldur tóku til í varnarleiknum sem varð svo þeirra aðalsmerki.

Nýliðarnir hafa verið rólegir á félagaskiptamarkaðnum en fengið Gunnar Má Guðmundsson, Herra Fjölni, aftur heim sem styrkir liðið. Það missti engan lykilmann í vetur en stærð hópsins er stórt spurningamerki.



## → Lykilmaðurinn í sumar

Bergsveinn Ólafsson er frábær miðvörður með mikla hæfileika. Sterkur og góður á boltann.

Hann er fyrri liði liðsins og algjör lykilmáður innan sem utan vallar.

Það er mikið á herðar ungs manns lagt að þurfa að fara fyrir Pepsi-deildar liði á sínu fyrsta tímabili í deild þeirra bestu en Bergsveinn á að gera staðið undir því.

Bergsveinn myndar öflugt miðvarðarpar með hinum hávaxna Hauki Lárussyni en saman geta þeir verið eins og klettur.

## → Þjálfarinn

Ágúst Gylfason er 42 ára gamall og á sínu þriðja ári með liðið. Fjölnir hafnaði í 7. sæti 1. deildar á fyrsta tímabilinu undir hans stjórn en komst upp um deild nokkuð óvænt í fyrra.



## → Tölurnar í 1. deild 2013

Mörk skorud	6. sæti (1,7 í leik)
Mörk á sig	1. sæti (1,1 í leik)
Stig heimavelli	7. sæti (17 af 33, 51%)
Stig á útivelli	1. sæti (26 af 33, 79%)

## → Nýju andlitin

Einar Karl Ingvarsson (FH)  
Gunnar Már Guðmundsson (ÍBV)  
Gunnar Valur Gunnarsson (KA)  
Christopher Tsonis (Tindastóll)  
Björn Orri Hermannsson (Hamar)

## FYLGSTU MED ÞESSUM:

Guðmundur Karl Guðmundsson: Skemmtilegur leikmaður sem getur spilað fjafnt á miðju sem á kantinum. Fjótur með boltann og hefur mikla yfirsýn. Uppalinn strákur sem spilar með hjartanu.

GENGID SÍÐUSTU SEX TÍMABIL > 2008 (6. sæti) - 2009 (12. sæti) - 2010 (B-deild, 4. sæti) - 2011 (B-deild, 5. sæti) - 2012 (B-deild, 7. sæti) - 2013 (B-deild, 1. sæti) Íslandsmeistarar: Aldrei (6. sæti 2008) / Bikarmeistarar: Aldrei (Úrslit 2007 og 2008)



**FIMM AF SEX** Darri Hilmarsson skoraði fimm þriggja stiga körfur í gær og það úr aðeins sex skotum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

## KR-ingar 1-0 yfir

**FYRSTI LEIKURINN Í LOKAÚRSLITUM Í DOMINOS-DEILD KARLA Í KÖRFUBOLTA**  
KR - Grindavík 93-84 (46-44)

KR: Demond Watt Jr. 22/18 frákk., Darri Hilmarsson 18, Helgi Már Magnússon 18/9 frákk., Martin Hermannsson 16, Pavel Ermolinskij 13/8 frákköst/11 stoðs. Brynjar Þór Björnsson 6.

Grindavík: Earnest Lewis Clinch Jr. 22, Jóhann Árni Ólafsson 16, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 12, Jón Axel Guðmundsson 12/7 frákk./5 stoðs. Ólafur Ólafsson 9/6 frákköst, Omar Örn Sævarsson 7/7 frákk./4 varin, Daníel Guðni Guðmundsson 6.

## Moyes rekinn

**FÓTBOLTI** Ensku fjölmiðlarnir komust á snodir um það í gær að Manchester United hafi gefist upp á úrræðaleysi knattspyrnustjórnars Davids Moyes og að hann verði rekinn í dag. United tapaði sínum ellefta deildarleik á páskadag og á ekki lengur tölfræðilega möguleika á meistaradeildarsæti. United er með 28 stigum færri í dag en á sama tíma fyrir ári. -66j

## Frændliðin fara í lokaúrslitin

Guðlaugur Arnarsson, þjálfari Fram, spáir oddaleik í Hafnarfjarðarslagnum og að það verði Haukar og Valur sem mætist í lokaúrslitum Olís-deildar karla en úrslitakeppnin hefst í kvöld.

**HANDBOLTI** Úrslitakeppni karla í handbolta hefur heldur betur boðið upp á óvænt úrslit undanfarnin ár sem sést á því að tveir síðustu Íslandsmeistarar voru ekki með heimavallar-rétt í undanúrslitunum (HK 2012 og Fram 2013) og að deildarmeistararnir hafa ekki orðið meistarar síðan 2010.

Fréttablaðið fékk Guðlaug Arnarsson, þjálfara Framara, til að velta fyrir sér undanúrslitum Olís-deildar karla í handbolta sem hefjast í kvöld. Fyrsti leikur Hafnarfjarðarliðanna Hauka og FH er á Ásvöllum en í Eyjum tekur ÍBV á móti Val.

„Ég reikna með mjög spennandi leikjum. Þegar við erum komin á þennan stað á tímabilinu þá eru þetta alltaf hörkuleikir,“ segir Guðlaugur. FH-ingar tóku síðasta sætið af Guðlaugi og lærisveinum hans í Fram með góðum endaspretti og hann sér FH-liðið stríða deildarmeisturum Hauka.

## Hafnarfjarðarslagur af bestu sort

„Ég reikna með því að FH-ingar komi inn í sína seríu með mikið sjálfstraust eftir að hafa náð að stelast inn í úrslitakeppnina á lokametrunum. Ég ætla að leyfa mér að spá því að Haukarnir vinni í oddaleik en við fáum því Hafnarfjarðarslag af bestu sort,“ segir Guðlaugur og bætir við:

„FH-ingar hafa verið að spila undir getu í allan vetur en núna gefa þeir allt í þetta og eiga eftir að standa sig vel,“ segir Guðlaugur. Haukarnir hafa unnið bikarinn, deildarmeistararitilinn og deildarbikarinn og náð því fernunni með sigri.

„Patrekur þarf að koma sínum mönnum niður á jörðina eftir að þeir eru búnir að vinna

allt í vetur. Það er verðugt verkefni að koma þeim niður á jörðina en ég held að Patti sé með reynsluna og getuna til að gera það mjög vel.“

ÍBV er með heimavallarréttinn á móti Val en Valsmenn unnu tvo af þremur innbyrðis-leikjum liðanna í vetur og báða stórt.

## Bestu sóknarmennirnir mætast

„Þarna mætast tveir bestu sóknarmennirnir í deildinni í dag, Röbert Aron Hostert hjá ÍBV sem er að mínu mati búinn að vera bestur og svo Guðmundur Hólmar Helgason hjá Val sem er búinn að draga vagninn mjög vel fyrir Valsmenn. Ég held að Valsmenn muni rúlla í gegnum þessa viðureign og að þetta fari ekki í oddaleik en endi 3-1 fyrir Val,“ segir Guðlaugur sem sér Ólaf Stefánsson, þjálfara Vals, hafa mikil áhrif.

„Þegar það er komið í svona keppni þá hlýtur að koma fram þessi sigurvilji og hefð sem Óli býr yfir. Ég held að hann muni smita henni vel út frá sér. Valsmenn eru búnir að vera trúir þessari hugmyndafræði sinni í allan vetur. Þeir eru með mikla breidd og þola því mikið álag og marga leiki á fáum dögum. Á meðan þarf ÍBV að treysta á Röbert í 60 mínútur í hverjum leik,“ segir Guðlaugur.

## Borðleggjandi úrslitin

„Ég leyfði mér að spá því að það yrði frændslagur í úrslitunum og það gætu orðið virkilega skemmtilegar rimmur. Annars veit maður ekkert því lið hafa verið að koma á óvart í úrslitakeppninni síðustu árin. Þetta eru samt svona borðleggjandi úrslitin,“ segir Guðlaugur að lokum.

ooj@frettabladid.is



**SÁ EINI SEM GETUR UNNIÐ ANNAÐ ÁRIÐ Í RÖÐ** Röbert Aron Hostert varð Íslandsmeistari með Fram í fyrra en spilar nú með ÍBV. Hér fagnar hann titlinum með Fram síðasta vor. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

KPMG

cutting through complexity

FERÐAÞJÓNUSTA

# Er hagnaðarvon í hótélrekstri á Íslandi?

23. apríl | kl. 8:30 | Borgartúni 27

Morgunverðarfundur til kynningar á skýrslu um arðsemi hótélgeirans ásamt umræðum um skilvirka uppbyggingu ferðaþjónustu á Íslandi.

Með innlegg á fundinum verða Benedikt K. Magnússon (KPMG), Helga Árnadóttir (SAF) og Renato Gruenenfelder (Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar).

Þátttaka er án endurgjalds og skráning fer fram á [kpmg.is](http://kpmg.is)



**BESTI UNGI LEIKMAÐUR EVRÓPU?** Brendan Rodgers, stjóri Liverpool, hrósaði Sterling í hástert. MYND/GETTY

## 5 stiga forskot

**FÓTBOLTI** Liverpool vann 3-2 sigur á Norwich og nýtti sér 1-2 tap Chelsea á móti Sunderland til að ná fimm stiga forskoti á toppi ensku úrvalsdeildarinnar yfir páskana. Raheem Sterling skoraði tvö og lagði upp það þriðja í sigri Liverpool. Öll úrslit, myndbönd með mörkunum og frekari fréttir af ensku deildinni eru inn á Vísi. -66j

**FUDGE** Þú kemst fljótt að!  
...en þú getur líka pantað tíma

**FUDGE**

**FUDGE**

**FUDGE**

**FUDGE**

**FUDGE**

**FUDGE**

**FUDGE**

**Rakarastofan Klapparstíg**

**S: 5513010**

# ÚT AÐ HJÓLA



JAMIS TRAIL X650

79.990 KR.

VEL BÚIÐ 27,5" TRAIL  
FJALLAHJÓL MEÐ ÁLSTELLI  
OG DISKABREMSUM.



JAMIS MISS DAISY

35.990 KR.

16" BARNAHJÓL ÁN GÍRA  
MEÐ STÁLSTELLI OG  
HJÁLPARDEKKJUM.



JAMIS XR

49.990 KR.

26" FJALLAHJÓL MEÐ  
STÁLSTELLI OG 21 GÍR.



X20

X24

JAMIS X20 OG X24

X20: 44.990 KR.

X24: 49.990 KR.

20" OG 24" KRAKKAHJÓL  
MEÐ ÁLSTELLI OG 18 GÍRUM.



HERRA DÖMU

JAMIS EXPLORER 1

62.990 KR.

26" ÞÆGILEGT ALHLÍÐA HJÓL  
MEÐ STÁLSTELLI OG 21 GÍR.  
EINNIG TIL Í DÖMU.



DÖMU HERRA

JAMIS CITIZEN 1

64.990 KR.

28" ÞÆGILEGT DÖMU  
GÖTUHJÓL MEÐ STÁLSTELLI  
OG 21 GÍR. EINNIG TIL Í HERRA.



HOT ROD LADYBUG

HOT ROD

29.990 KR.

12" BARNAHJÓL ÁN GÍRA  
MEÐ STÁLSTELLI OG  
HJÁLPARDEKKJUM.



HERRA DÖMU

JAMIS EXPLORER 2

71.990 KR.

ÞÆGILEGT ALHLÍÐA HJÓL  
MEÐ ÁLSTELLI OG 21 GÍR.  
DEMPARI Í SÆTISPÓSTI  
OG FRAMGAFFLI.  
EINNIG TIL Í DÖMU.

Fáðu aðstoð við valið á réttu hjólunum.  
Starfsfólkið okkar þekkir vörurnar sem það selur.

**HJÓLIN ERU Í SMÁRALIND OG GLÆSIBÆ**

**ÚTILÍF**

GLÆSIBÆ

KRINGLUNNI

SMÁRALIND

utilif.is



SUNNUDAG  
19:45



# ÍSLAND GOT TALENT

Arnar og Agnes

Brynjar

Elva María

Höskuldur og Margrét

Laufey Lín

Jón Arnór

Páll Valdimar

TV | Sunnudag 19:45

## Stóra stundin nálgast!

Nú líður að úrslitakvöldinu þegar siguratriðið í Ísland Got Talent verður valið í beinni útsendingu í Austurbæ. Þá stendur eitt atriðið uppi sem sigurvegari af þeim sjö sem eftir eru og hlýtur heilar 10 milljónir að launum. Ekki missa af einum stærsta sjónvarpsviðburði ársins á sunnudagskvöldið á Stöð 2!

Þeir sem taka þátt í símakosningunni eiga möguleika á því að vinna glæsilegt 55" LG sjónvarp frá Sjónvarpsmiðstöðinni og frábæran LG G Flex snjallsíma. Öll símanúmer sem hringt er úr fara í pott og haft verður samband við vinningshafa.

Í hvert skipti sem þú kýst aukast vinningslíkurnar!

ÞÚ GETUR  
LÍKA UNNIÐ!  
☆☆☆



Fáðu þér áskrift! **365.IS**

## PRÍÐJUDAGSLAGIÐ



Ferment eftir Skakkamanage af nýlegri plötu sveitarinnar, *Sounds of Merrymaking*, er fullkomið lag í sturtunni fyrir afkastamikla og aggressíva vinnuviku.

Guðmundur Jörundsson, fatahönnuður

## Nýja Ísland hittir gamla Ísland

Skrattinn úr sauðarleggnum er dans- og tónleikaverk þar sem forn kveðskapur og íslensk menning eru sameinuð samtímadansi og dægurtónlist.

„Í verkinu erum við að skoða gamla íslensku menningu og sjá hvernig við finnum hana í okkar nútíma samfélagi,“ segir Melkorka Sigríður Magnúsdóttir en hún frumsýnir sýninguna *Skrattinn úr sauðarleggnum* annað kvöld. Ásamt Melkorku eru það Sigríður Soffía Nielsdóttir og Valdimar Jóhannsson sem vinna að sýningunni. „Við erum alltaf þrjú saman á sviðinu,“ segir Melkorka. „Þetta verður svona gamla Ísland hittir nýja

Ísland þar sem hið hefðbundna verður hið frábrugðna.“

Sýningin er sjálfstætt framhald sýningarinnar *Glymskrattinn* sem þrjú setti upp í Þjóðleikhúskjallaranum fyrir tveimur árum en nýja sýningin er búin að vera í pipunum síðan þá.

„Við þurftum tíma til þess að þæla í sýningunni og hvað okkur langaði að gera og hvernig við ætluðum að skapa þennan hugmyndaheim,“ segir Melkorka, en þau fengu leik-

myndahönnuðinn Brynju Björnsdóttur til þess að tyrfa sviðið.

„Hún fyllti sviðið af grasi þannig að um leið og maður kemur inn þá er rosalega góð útilegulykt og almenn sveitastemning,“ segir Melkorka. Melkorka er spennt fyrir frumsýningunni. „Það var öðruvísi þegar við vorum í Þjóðleikhúskjallaranum. Þar var svo takmarkað rými en núna erum við komin inn á stórt svið og höfum allt rýmið til þess að leika okkur í.“



LEIKA SÉR Sviðið er þakið grasi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



## Aðalfundur

Aðalfundur LAUF – félags flogaveikra verður haldinn þriðjudagskvöldið 29. apríl 2014 kl.20 í sal á jarðhæð Hátúni 10b.

### Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf.

Lagabreytingar

Afmæliskaffi.

Félagsmenn fjölmennið! - *Stjórnin*.



## Aðalfundur FVFI 2014

verður haldinn að Borgartúni 22 föstudaginn 25. apríl nk. kl.19:00.

Fundarefni:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Lagabreytingar
3. Önnur mál

### Veitingar að fundi loknum

Ársreikningur félagsins mun liggja frammi á skrifstofu FVFI alla virka daga milli kl. 10-15 vikuna fyrir fund.

Mætið vel og stundvíslega,

*Stjórnin*.

## AÐALFUNDUR

SPOEX Samtök psoriasis og exemsjúklinga, boðar til aðalfundar þann 29. apríl næstkomandi kl. 19:30



Fundurinn verður haldinn í Vogaskóla, Ferjuvogi 2 í Reykjavík og hefst kl. 19:30

### Dagskrá aðalfundar:

- Skýrsla formanns
- Formannskjör
- Stjórnarkjör
- Fræðsla

sjá nánar á [www.spoex.is](http://www.spoex.is)



PEKKT FYRIR LÍFLEGA SVIÐSFRAMKOMU FM Belfast skipa Árni Rúnar Hlöðversson, Lóa Hjálmtýsdóttir, Árni Vilhjálmsson og Örvar Smáráson Þóreyjarson.

## Örverpið fær athyglina

Hljómsveitin FM Belfast gefur út sína þriðju breiðskífu, *Brighter Days*, í dag.

Hljómsveitin FM Belfast sendir frá sér nýja breiðskífu, *Brighter Days*, í dag.

„Þessi plata er sú þriðja frá okkur komin sem þýðir að hún er yngsta systkinið, þannig að hún fær nú meiri athygli en hin systkinin. Hún er örverpið, sem ég veit ekki hvort er gott eða ekki,“ segir Árni Vilhjálmsson, meðlimur í sveitinni.

Platan er gefin út af Record Records á Íslandi, en henni er dreift í gegnum þýska hljómplötu-fyrirtækið Morr Music í Útlöndum.

„Er ekki reglan sú að elsta systkinið tekur mestu ábyrgðina og miðjubarnið gleymist? Þá held ég að önnur platan okkar gleymist

í bili og fókusinn verði alfarið settur á yngsta barnið. Íslendingar geta reiknað með því að það fari smá tími í þetta barn núna,“ segir Árni léttur í bragði.

Meðlimir FM Belfast eru sem áður Árni Rúnar Hlöðversson, Lóa Hjálmtýsdóttir, Árni Vilhjálmsson og Örvar Smáráson Þóreyjarson. *Brighter Days* verður fánleg á geisladisk, vínýl og á stafrænum tónlistarveitum, en á henni eru tíu lög.

FM Belfast hefur um langt skeið verið ein líflegasta tónleikasveit landsins og hefur farið í tónleikaferðalög um Evrópu og Bandaríkin við góðan orðstír.

[olof@frettabladid.is](mailto:olof@frettabladid.is)

### Lagalisti *Brighter Days*

1. *Brighter Days*
2. *Everything*
3. *Ears*
4. *DeLorean*
5. *Holiday*
6. *Non Believer*
7. *We Are Faster Than You*
8. *Gold*
9. *Ariel*
10. *The End*

## Íslensk vinnmenning í ferðapætti

Tökulið frá Travel Channel eyðir hér tíu dögum í gerð þáttarins *Booze Traveler*.

Nýr þáttur sem sýndur verður á Travel Channel verður tekinn upp hér á landi í vikunni samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Þátturinn heitir *Booze Traveler* og flakkar þáttarstjórnandinn út um allan heim og kynnir sér vinnmenningu mismunandi landa.

Heimildir Fréttablaðsins herma að sjö manna tökulið þáttarins komi hingað til lands og verði hér í tíu daga til að taka upp þátt um íslenska áfengismenningu. Samkvæmt heimildum blaðsins er það Sagafilm sem aðstoðar tökulið þáttarins hér á landi. Árni Björn Helgason, yfirmaður erlendrar framleiðslu hjá framleiðslufyrirtækinu, vill hins vegar ekkert tjá sig um verkefnið.

„No comment.“

→ Kynnir þáttanna er Jack Maxwell en hann hefur leikið í sjónvarpsþáttum á borð við *24*, *Lost*, *House* og *Ugly Betty*.

Kynnir *Booze Traveler* er Jack Maxwell en hann hefur leikið í sjónvarpsþáttum á borð við *24*, *Lost*, *House* og *Ugly Betty*. Er líklegt að hann muni kynna sér íslenskt brennivín sem er þekkt um heim allan. Þá gæti líka farið svo að hann kíkta í íslenska bjórframleiðslu og smakkaði birkisnafs. Í lýsingu fyrir þáttinn segir að þetta sé alls ekki fyllerísþáttur heldur hafi hann einnig menningarlegt gildi.


Þátturinn verður sýndur á Travel Channel í sumar.

-lp



FAGMENN Árni Björn er þögull sem gröfin um verkefnið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



# ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ

DOMINO'S

# 1000 KR.

Miðstærð af pizzu með 3 áleggstegundum að eigin vali.  
Ef þú sækir. Gildir fyrir klassískan, ítalskan og laufléttan botn.

HEIT ALLA LEIÐ HEIM

Fyrir **aðeins 699 kr.** færðu þína eigin hitatösku  
á Domino's sem þú getur notað aftur og aftur!



KJÖTVEISLA: Skinka, pepperoni og nautahakk

📞 SÍMI 58 12345 📱 DOMINO'S APP 🌐 WWW.DOMINOS.IS



Póst : dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is  
 EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Opið allan sólarhringinn  
 í Engihjalla og  
 Vesturbergi



Iceland

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Sjónvarpskona í háloftunum

Sjónvarpskonunni **Sunnevu Sverrisdóttur** er margt til lista lagt en hún hefur stýrt tveimur sjónvarpsþáttum á síðustu tveimur árum á Popp Tívi. Hæfileikar ungu stúlkunnar virðast þó liggja víðar en í fjölmiðlum þar sem hún hóf nýverið störf hjá flugfélaginu Icelandair sem flugfreyja.

Sunneva gerði garðinn frægan þegar hún stýrði þáttaröðinni 2+6 ásamt Veigari Ölni Gunnarssyni en fræðsluþættirnir snerust að mestu um kynlíf. Í nýjstu þáttum Sunnevu tók sjónvarpskonan viðtöl við þjóðþekkt einstaklinga í þáttaröðinni Prófíll.

Áhugavert verður að fylgjast með ferli Sunnevu í fluggeiranum en ljóst er að það er nóg að gera hjá stúlkunni hæfileikaríku.

- bp



### Tónlistarmenn slappa af

Tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður fór fram um helgina en á sunnudeginum er það hefð að aðstandendur hátíðarinnar bjóði þeim tónlistarmönnum sem komu fram í ferð yfir daginn sem endar á heljarinnar veislu um kvöldið. „Þetta er alltaf hápunktur hátíðarinnar fyrir mér,“ segir **Pórður Jörundsson**, gítarleikari Retro Stefson. „Við byrjuðum á að fara í sund í Bolungarvík og fórum síðan í danskenslu,“ segir hann.

„Þetta er alltaf á sunnudeginum eftir hátíðina í mismunandi bæjarfélögum,“ segir gítarleikarinn. „Síðan er Muggi, pabbi hans Mugisons, alltaf veislustjóri,“ segir Pórður sem fullyrðir að það hafi verið mikið stuð.

- bp



### Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Kærasta Arons Einars ratar í breska miðla
- 2 „Peir settu mig í ruslatunnu sem var við leikskólann í Grindavík og pissuðu yfir mig“
- 3 Upphitun: Manchester City verður að vinna í kvöld
- 4 Guðni segir Reykjavíkflugvöll „besta og mikilvægasta“ flugvöll landsins
- 5 Suarez sjöundi meðlimurinn í 30 marka klúbbnum

**LG BOGIÐ OLED SJÓNVARP**  
 Heimsins fyrsta bogna OLED sjónvarpið

**LG**  
 Life's Good

**Sjónvarpsmiðstöðin**  
 SÍBUMÚLA 2 • WWW.SM.IS

# Fermingar tilboð

**TAKMARKAÐ MAGN**

**12 mán.** vaxtalaugar greiðslur\*

**VALHÖLL (eldri gerð)**  
 Svæðisskipt heilsudýna  
 5 svæðaskipt pokagormakerfi, gæðabólstrun.  
 Verð með PU-leðurbotni og fótum.  
 120x200 cm **Tilboðsverð kr. 69.900.-**  
 140x200 cm **Tilboðsverð kr. 79.900.-**

**GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ**

**MEMORY** Þrýstijöfnunar heilsudýna  
 Mótast að líkamanum og veitir mjög góðan stuðning.  
 Þyngdardreifingin er mjög góð og álagspunktar við axlir og mjaðmir svo til engir.  
 Kaldþrýstijöfnunarefni í efsta lagi sem hjálpar við að viðhalda jöfnu hitastigi í líkamanum.  
 120x200 cm  
**Tilboðsverð kr. 99.900.-**  
 Verð áður kr. 119.900.-  
 140x200 cm  
**Tilboðsverð kr. 119.900.-**  
 Verð áður kr. 139.900.-

**IQ-CARE** Hágæða svæðisskipt heilsudýna  
 Ein besta heilsudýna í heimi með 7 svæðaskiptum svefnflötum, 23 cm háþrúð þrýstijöfnunardýna, mjúkt og þægilegt axlarsvæði, veitir góðan stuðning við lágbakssvæði fullkomin nýting á svefnfleti, þarf aldrei að snúa.  
 Verð með leðurbotni og fótum. - **Til í mörgum stærðum**  
 120x200 cm  
**Verð aðeins kr. 169.900.-**  
 140x200 cm  
**Verð aðeins kr. 189.900.-**

**SAGA / FREYJA**  
 Hágæða svæðisskiptar heilsudýnur  
 Með 7 svæðaskiptu pokagormakerfi, góður lágbakstuðningur, mýkra og betra axlasvæði, þrýstijöfnunarefni í bólstrun, vandaðar kantstyrkingar, fullkomin nýting á svefnfleti, þarf aldrei að snúa.  
 Verð með leðurbotni og fótum.  
 120x200 cm  
**Verð aðeins kr. 119.900.-**  
 140x200 cm  
**Verð aðeins kr. 139.900.-**

**Svefn & heilsa**  
 ★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233  
 Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150  
 Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00  
 Laugardaga 12:00 - 16:00

**www.svefn.is**

\*3.5% lántökugjald

Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaál - Höfn í Hornafröi | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

**GJÖF FYLGIR**  
 Vandyck sængurverasett að eigin vali fylgir öllum fermingar-rúmum í ár

Vandyck sængurverasett